

# Knattspyrnusamband Íslands



# 2011

66. ársþing KSÍ  
Skýrslur nefnda

## **Efnisyfirlit**

<b>Stjórn og nefndir KSÍ</b>	<b>2</b>
<b>Skýrsla landsliðsnefndar karla</b>	<b>4</b>
<b>Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla</b>	<b>5</b>
<b>Skýrsla unglinganefndar karla</b>	<b>7</b>
<b>Skýrsla landsliðsnefndar kvenna</b>	<b>10</b>
<b>Skýrsla unglinganefndar kvenna</b>	<b>11</b>
<b>Skýrsla mótanefndar</b>	<b>23</b>
<b>Skýrsla dómarnefndar</b>	<b>31</b>
<b>Skýrsla aga- og úrskurðarnefndar</b>	<b>39</b>
<b>Skýrsla háttvísinefndar</b>	<b>41</b>
<b>Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar</b>	<b>42</b>
<b>Skýrsla fræðslunefndar</b>	<b>44</b>
<b>Skýrsla útbreiðslunefndar</b>	<b>48</b>
<b>Skýrsla mannvirkjanefndar</b>	<b>51</b>
<b>Heiðursviðurkenningar</b>	<b>52</b>

Yfirlit yfir kærur og úrskurði má sjá í skýrslu stjórnar og á vef KSÍ undir:  
<http://www.ksi.is/log-og-reglugerdir/domasafn/>

## Stjórn og nefndir KSÍ

### Stjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Gylfi Þór Orrason	Varaformaður
Guðrún Inga Sívertsen	Gjaldkeri
Jón Gunnlaugsson	Ritari
Róbert B. Agnarsson	
Rúnar Arnarson	
Ragnhildur Skúladóttir	
Lúðvík S. Georgsson	
Vignir Már Þormóðsson	

### Varastjórn

Jóhannes Ólafsson
Þórarinn Gunnarsson
Sigvaldi Einarsson

### Landshlutafulltrúar

Valdemar Einarsson	Austurland
Björn Friðþjófsson	Norðurland
Tómas Þóroddsson	Suðurland
Jakob Skúlason	Vesturland

### Framkvæmdastjórn

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Gylfi Þór Orrason	
Jón Gunnlaugsson	
Róbert B. Agnarsson	

### Rekstrarstjórn Laugardalsvallar

Geir Þorsteinsson	Formaður
Guðrún Inga Sívertsen	
Ingvar Sverrisson	
Ómar Einarsson	
Þórir Hákonarson	

### Dómaranefnd

Gylfi Þór Orrason	Formaður
Ari Þórðarson	
Bragi Bergmann	
Eyjólfur Ólafsson	
Guðmundur Heiðar Jónsson	
Kári Gunnlaugsson	
Pjetur Sigurðsson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Fjárhagsnefnd

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Eggert Steingrímsson	
Rúnar Arnarson	
Þórir Hákonarson	

### Fræðslunefnd

Ragnhildur Skúladóttir	Formaður
Guðni Kjartansson	
Jón Gunnlaugsson	
Sigurður Þórir Þorsteinsson	
Sigurður Sighvatsson	
Sigvaldi Einarsson	
Örn Ólafsson	

### Laga- og leikreglanefnd

Þórarinn Gunnarsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Guðmundur H. Pétursson	

### Landsliðsnefnd karla

Jón Gunnlaugsson	Formaður
Lúðvík S. Georgsson	
Rúnar Arnarson	
Viðar Halldórsson	
Þorgrímur Þráinsson	

### Landsliðsnefnd kvenna (A og U21)

Guðrún Inga Sívertsen	Formaður
Arna Steinsen	
Erla Hendriksdóttir	
Laufey Sigurðardóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Ragnhildur Skúladóttir	

### Landsliðsnefnd U21 karla

Jóhannes Ólafsson	Formaður
Jónas Þórhallsson	
Róbert B. Agnarsson	
Steinn Halldórsson	
Vignir Már Þormóðsson	

### Unglinganefnd karla (U19 og U17)

Vignir Már Þormóðsson	Formaður
Ingvar Guðjónsson	
Jóhann Torfason	
Magnús Brandsson	
Ómar B. Stefánsson	
Sigurður Helgason	
Sigvaldi Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

### Unglinganefnd kvenna (U19 og U17)

Ragnhildur Skúladóttir	Formaður
Ásta B. Gunnlaugsdóttir	
Hanna Dóra Magnúsdóttir	
Íris Björk Eysteinsdóttir	
Jakob Skúlason	
Sigrún Ríkharðsdóttir	
Tómas Þóroddsson	

### Mannvirkjanefnd

Lúðvík S. Georgsson	Formaður
Jón Runólfsson	
Kristján Ásgeirsson	
Rúnar Arnarson	
Þorbergur Karlsson	

### Mótanefnd

Róbert B. Agnarsson	Formaður
Atli Þórsson	
Ámundi Halldórsson	
Björn Friðþjófsson	
Helga Friðriksdóttir	
Valdemar Einarsson	
Þórarinn Gunnarsson	

# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2011

## Samninga- og félagaskiptanefnd

Lúðvík S. Georgsson      Formaður  
Stefán Geir Þórisson  
Örn Gunnarsson  
Gísli Hall (til vara)  
Guðmundur H. Pétursson (til vara)  
Jóhann Albertsson (til vara)

## Útbreiðslunefnd

Vignir Már Þormóðsson      Formaður  
Björn Friðbjólfsson  
Jakob Skúlason  
Tómas Þóroddsson  
Valdemar Einarsson  
Jóhann Torfason (til vara)  
Ómar B. Stefánsson (til vara)  
Magnús Ásgrímsson (til vara)  
Trausti Hjaltason (til vara)

## Sögunefnd

Ágúst Ingi Jónsson      Formaður  
Ásta B. Gunnlaugsdóttir  
Ellert B. Schram  
Halldór Einarsson  
Jón Gunnlaugsson

## Afmælisnefnd

Gylfi Þór Orrason      Formaður  
Kristinn Kjærnested  
Róbert B. Agnarsson  
Sigmundur Ó. Steinarsson  
Þorsteinn Gunnarsson

## Siðanefnd

Albert Eymundsson  
Kristrún Heimisdóttir  
Hanna S. Sigurðardóttir (til vara)  
Helgi Þorvaldsson (til vara)

## Heilbrigðisnefnd

Sveinbjörn Brandsson      Formaður  
Einar Jónsson  
Friðrik Ellert Jónsson  
Gauti Laxdal  
Hjalti Kristjánsson  
Hjörtur Þór Hauksson  
Reynir Björn Björnsson  
Stefán Stefánsson  
Svala Helgadóttir

## Þjálfaranefnd

Atli Eðvaldsson  
Ásgeir Sigurvinsson  
Eyjólfur Sverrisson  
Guðjón Þórðarson  
Guðni Kjartansson  
Helena Ólafsdóttir  
Jóhannes Atlason  
Jörundur Áki Sveinsson  
Logi Ólafsson  
Ólafur Jóhannesson  
Sigurður R. Eyjólfsson  
Vanda Sigurgeirsdóttir

## Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar

Guðrún Inga Sívertsen      Formaður  
Helga Friðriksdóttir  
Hörður Guðbjörnsson  
Kristín Arnþórsdóttir  
Pétur Magnússon

## Starfshópur um útbreiðslu Futsal

Rúnar Arnarson      Formaður  
Einar Hermannsson  
Kári Kárason  
Sigvaldi Einarsson

## Starfshópur stjórnar

Róbert Agnarsson      Formaður  
Gylfi Þór Orrason  
Lúðvík S. Georgsson  
Rúnar Arnarson  
Vignir Már Þormóðsson

## Aga- og úrskurðarnefnd

Gunnar Guðmundsson      Formaður  
Halldór Frímannsson      Varaformaður  
Sigurður Ingi Halldórsson      Varaformaður  
Einar M. Árnason  
Helgi R. Magnússon  
Sigrún Óttarsdóttir  
Sigurður Guðmundsson  
Þröstur Ríkharðsson

## Áfrýjunardómstóll KSÍ

Sigurður G. Guðjónsson      Forseti  
Guðmundur Pétursson  
Brynjar Níelsson (til vara)  
Guðmundur Þórðarson (til vara)  
Hörður Felix Harðarson (til vara)  
Jóhannes A. Sævarsson (til vara)  
Lúðvík Örn Steinarsson (til vara)

## Leyfisdomur KSÍ

Sveinn Jónsson      Formaður  
Elías Hergeirsson  
Ragnar Gíslason  
Rúnar Gíslason  
Stefán Gunnlaugsson

## Leyfisráð KSÍ

Lúðvík S. Georgsson      Formaður  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Bergsson  
Eggert Steingrímsson  
Örn Gunnarsson

## Kjörnefnd

Gísli Gíslason      Formaður  
Steinn Halldórsson  
Unnsteinn Jónsson

## Kjörnir skoðunarmenn

Hannes Þ. Sigurðsson  
Haukur Gunnarsson  
Reynir Karlsson (til vara)  
Elías Hergeirsson (til vara)

## Kjörinn endurskoðandi

Björn Ingi Victorsson

# Skýrsla landsliðsnefndar karla

Í nefndinni sátu Jón Gunnlaugsson, formaður, Lúdvík S. Georgsson, Rúnar Arnarson, Viðar Halldórsson og Þorgrímur Þráinsson. Með nefndinni störfuðu Þórir Hákonarson og Gunnar Gylfason. Ólafur Jóhannesson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar Pétur Pétursson og Bjarni Sigurðsson markvarðþjálfari. Læknar landsliðsins voru Sveinbjörn Brandsson og Gauti Laxdal, sjúkrahjálfarar þeir Stefán Hafþór Stefánsson og Friðrik Ellert Jónsson. Nuddarar voru Óðinn Svansson og Daði Rafn Skúlason og búningastjórar Björn Gunnarsson, Örn Örlygsson og Sigurður Sveinn Þórðarson.

### Verkefni og leikmenn

Landsliðið lék á árinu 6 leiki, fimm í undankeppni EM 2012 og einn vináttulandsleik. Sigur vannst í einum leik og jafntefli varð í öðrum en fjórir leikir töpuðust. Í þessum sex leikjum lék 31 leikmaður. Birkir Már Sævarsson og Jóhann Berg Guðmundsson léku alla leiki ársins og Birkir Bjarnason og Stefán Logi Magnússon 5 leiki. Kristján Örn Sigurðsson lék sinn 50. landsleik á árinu og þeir Aron Einar Gunnarsson og Birkir Már Sævarsson sinn 25. leik. Þá léku 5 leikmenn sinn fyrsta A landsleik á árinu.

### Undankeppni EM 2012

Keppnin hélt áfram á árinu og fyrsti leikur ársins var í mars gegn Kypverjum ytra. Lauk leiknum með markalausum jafntefli þar sem Stefán Logi varði m.a. vítaspyrnu frá heimamönnum. Bæði lið áttu sín færi en jafntefli niðurstaðan.

Danir komu í heimsókn í Laugardalinn í júníbyrjun og fóru þaðan með 3 stig. Eftir markalausum fyrri hálfleik skoruðu Danir eftir klukkutíma leik og aftur 5 mínútum síðar og unnu 2-0 sigur.

Í september voru tveir leikir á dagskrá. Fyrst var leikið við Norðmenn í Osló. Norðmenn unnu þann leik 1-0 með marki úr vítaspyrnu á 88. mínútu. Leikurinn var annars jafn og færin skiptust nokkuð jafnt á milli liða, en í annað skiptið á útivelli í þessari undankeppni fékk liðið á sig mark undir lok leiks og tapaði 1-0 eftir annars góða frammistöðu.

Kypverjar mættu í Laugardalinn fjórum dögum síðar og þá vann íslenska liðið sinn fyrsta sigur í þessari undankeppni 1-0. Það var Kolbeinn Sigbórsson sem skoraði snemma leiks og þar við sat.

Lokaleikur íslenska liðsins var gegn Portúgölum ytra og var leikið í Porto. Heimamenn skoruðu þrjú mörk í fyrri hálfleik en tvö mörk á stuttum tíma frá Hallgrími Jónassyni löguðu stöðuna í síðari hálfleik og það fór um Portúgalana sem svöruðu með tveimur mörkum. Það var svo Gylfi Þór Sigurðsson sem átti síðasta orðið og minnkaði muninn í tvö mörk úr vítaspyrnu í uppbótartíma.

Niðurstaðan í riðlinum var sú að Danir urðu efstir með 19 stig og tryggðu sér þátttökurétt í lokakeppninni í Póllandi og Úkraínu. Portúgalar og Norðmenn urðu jafnir með 16 stig en Portúgal fór í umspil um sæti á EM vegna betri árangurs í innbyrðis viðureignum. Ísland varð í fjórða sæti með fjögur stig og Kypverjar ráku lestina með tvö.

### Vináttulandsleikur

Eini vináttulandsleikur ársins var leikinn í ágúst í Búdapest. Ungverjar unnu þar öruggan 4-0 sigur.

### Lokaorð

Eins og fyrr skiptust á skin og skúrir í leikjum landsliðsins. Í flestum þeirra stóðum við okkur þó vel. Flestir leikjanna voru gegn liðum sem teljast mun sterkari þó nánast enginn munur sæist í raun á liðunum þegar út í leikina var komið. Þetta er ekki ný saga hjá okkur. Það eflir okkur til frekari afreka sem ég er sannfærður um að eru innan seilingar.

Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari lætur nú af störfum og vil ég fyrir hönd nefndarinnar þakka honum fyrir vel unnin störf. Hann sinni starfi vel, oft við erfiðar aðstæður, og skilur eftir sig lið sem má búast við góðu af í framtíðinni. Pétur Pétursson aðstoðarþjálfari og Bjarni Sigurðsson markvarðþjálfari láta einnig af störfum og eru þeim þökkúð góð störf við hlið Ólafs. Öðrum starfsmönnum landsliðsins þökkum við ekki síður þeirra störf. Nýr landsliðsþjálfari tekur nú við og fylgja honum og hans starfsfólki góðar óskir. Það er bjargföst sannfæring mín að við eigum fyrir höndum bjarta framtíð með landslið okkar á næstu árum.

Að lokum vil ég þakka sérstaklega þeim Þóri Hákonarsyni framkvæmdastjóra KSÍ og Gunnari Gylfasyni starfsmanni liðsins þeirra umfangsmiklu störf í þágu landsliðsins, svo og öðrum starfsmönnum á skrifstofu KSÍ. Meðnefnaðmönnum mínum í landsliðsnefnd þakka ég gott samstarf.

*Jón Gunnlaugsson, formaður*

### Skýrsla U21 landsliðsnefndar karla

Nefndina skipuðu Jóhannes Ólafsson, formaður, Róbert Agnarsson, Steinn Halldórsson, Jónas Þórhallsson og Vignir Þormóðsson. Starfsmaður nefndarinnar er Guðlaugur Gunnarsson. Þjálfari liðsins var Eyjólfur Sverrisson, aðstoðarþjálfari Tómas Ingi Tómasson, markmannsþjálfarar Þórður Þórðarson og Þorsteinn Bjarnason, læknir Hjalti Kristjánsson, sjúkráþjálfarar Róbert Magnússon og Valgeir Viðarsson, og liðsstjórar Lúðvík Jónsson og Ágúst Valsson.

#### Æfingaleikir

Leiknir voru tveir æfingaleikir á árinu. Fyrri leikurinn var gegn Úkraínu 24. mars á Valeriy Lobanovskyy vellinum í Kiev. Sá leikur tapaðist 3-2 með mörkum frá Aroni Jóhannssyni á 71. mínútu úr víti og Birni Bergmann Sigurðarsyni á 74. mínútu. Sótti liðið stíft síðustu mínúturnar en náði ekki að jafna. Seinni leikurinn var gegn Englandi 28. mars, en leikið var á Deepdale, heimavelli Preston NE. Ísland stillti upp nokkuð breyttu liði frá landsleiknum við Úkraínu, því inn í liðið komu fjórir leikmenn sem höfðu verið í verkefni með A-liðinu á Kypur og einn leikmaður kom inn í hópinn úr meiðslum. Leikurinn gegn Englandi vannst 1-2 eftir að Englendingar höfðu komist yfir á 17. mínútu. Mörk Íslands skoruðu Arnór Smárason á 42. mínútu og Hólmar Örn Eyjólfsson á 68. mínútu. Ekki náðist að fá fleiri æfingaleiki á árinu en það voru send á nokkrar þjóðir og reynt að fá leik í ágúst, en það gekk ekki eftir.

#### Lokakeppni EM 2011 í Danmörku

Farið var frá Íslandi til Álaborgar 8. júní þar sem liðið gisti alla keppnina. Vegna verkfalls flugvirkja varð tveggja tíma seinkun á brottför liðsins sem varð til þess að liðið missti af tengiflugi til Álaborgar. Ekki reyndist unnt að koma öllu liðinu áfram í einu lagi heldur hefði þurft að skipta liðinu upp í þrjá hópa og hefði sá síðasti verið að koma um miðnætti til Álaborgar. Var þá ákveðið að fara með rútu frá Kaupmannahöfn til Álaborgar sem var rúmlega 5 tíma rútuferð.

Ísland lék í riðli með Danmörku, Sviss og Hvíta-Rússlandi. Æft var á æfingasvæði AaB Aalborg FC og voru allar aðstæður hinar bestu og var starfsfólk félagsins einstaklega hjálpsamt og vildi allt fyrir liðið gera. Þvoði m.a. allan æfingafatnað Íslenska liðsins því að kostnaðarlausu.

Fyrsti leikur liðsins, gegn Hvít-Rússum, fór fram í Árósum 11. júní og tapaðist 2-0 eftir að jafnt hafði verið í hálfleik. Á 76. mín leiksins var Aroni Gunnarssyni vikið af velli og vítaspyrna dæmd og skoruðu Hvít-Rússar úr spyrnunni. Var þetta í raun vendipunktur leiksins. Tíu mínútum seinna skoruðu Hvít-Rússar seinna mark leiksins. Ísland var á heildina litið betra liðið í leiknum, fékk þrjú mjög góð færi til að skora en nýtti ekkert þeirra.

Næsti leikur var 14. júní gegn Sviss, sem var fyrirfram talið sigurstranglegasta liðið í riðlinum. Í fyrri hálfleik voru Svisslendingar mun sterkari og voru Íslendingar í raun heppnir að staðan í hálfleik var einungis 2-0 fyrir Sviss. Í seinni hálfleik var mun meira jafnræði með liðunum án þess að Ísland næði að skapa sér umtalsverð færi. Ekkert mark var skorað í síðari hálfleik.

Þegar hér var komið við sögu var markahæsta lið undankeppninnar, Ísland, búið að leika tvo leiki og ekki búið að skora eitt mark. Voru allir ákveðnir í að gera betur og ætluðu menn ekki að fara heim án þess að hafa allavega skorað í keppninni.

Staðan í riðlinum eftir tvo leiki var þannig að Sviss var með 6 stig, Hvíta-Rússland 3 stig, Danmörk 3 stig og Ísland 0 stig. Það var því ljóst fyrir leikinn gegn Dönnum að möguleikar Íslands væru litlir, en þó til staðar. Möguleikarnir fólust í þessu: Sviss þurfti að vinna Hvíta-Rússland. Ísland þurfti að vinna Dani með a.m.k. þremur mörkum og skora 4 mörk eða fleiri (4-1 sigur Íslands hefði því dugað, að því gefnu að Sviss ynni Hvíta-Rússland). Ef Sviss myndi vinna Hvíta-Rússland með þremur mörkum eða meiri mun, myndi 3-0 sigur líka duga Íslandi til að komast áfram. Dönnum dugði sigur í leiknum gegn Íslandi ef Sviss ynni Hvíta-Rússland.

Ljóst var frá fyrstu mínútu leiksins gegn Dönnum að bæði lið ætluðu sér sigur. Danir sóttu meira til að byrja með en Ísland fékk besta færið, en á ótrúlegan hátt náði markmaður Dana að slá boltann yfir markið. Kolbeinn Sigþórsson braut svo isinn á 58. mínútu og Birkir Bjarnason bætti öðru marki við á 60. mínútu. Bæði lið bættu nú öllu sínu í sóknarleikinn og fengu fín færi þangað til Danir minnkuðu muninn á 81. mínútu. Ísland gafst ekkert upp enda lá það fyrir eins og staðan var í leik Sviss og Hvíta-Rússlands að Ísland yrði að skora fjögur mörk. Ísland sótti því af fremsta megni og tókst Hirti Loga Valgarðsyni að skora stórglæsilegt mark á 92. mínútu en dómari leiksins hafði bætt þremur mínútum við leiktímann, sem reyndist of skammur tími þegar upp var staðið. Lokatölur 3-1 fyrir Ísland í skemmtilegasta leik mótsins. Bæði lið voru því úr leik þar sem Sviss vann Hvíta-Rússland 3-0 þar sem síðasta mark leiksins kom á síðustu sekúndunum. Þau úrslit gerðu það samt að verkum að Íslandi hefði dugað að vinna Dani 3-0. Báðir leikir voru leiknir á sama tíma og Sviss skoraði á síðustu sekúndum leiksins svo allt fram að því þurfti Ísland að skora a.m.k. fjögur mörk og vinna með a.m.k. þriggja marka mun.

Engu að síður var niðurstaða mótsins á þann veg að Ísland hafnaði í 5. sæti í keppninni. Ekki gekk heimferð liðsins betur en koman til Danmerkur. Fljúga átti frá Álaborg til Kaupmannahafnar og þaðan til Íslands. Klukkan nú um morguninn var hringt frá SAS í starfsmann liðsins og honum tilkynnt að búið væri að fella niður flugið frá Álaborg til Kaupmannahafnar og boðið upp á flug frá Árósum í staðinn. Tíminn var stuttur því klukkutíma akstur var til Árósa. Drifu menn farangurinn í rútuna og brunuðu af stað en fljúga átti klukkan tólf frá Árósum. Til að flýta fyrir innritun gaf starfsmaður liðsins SAS upp nafnalistann í flugið. Liðið var komið á flugvöllinn í Árósum kl. 11:25 og dreif sig í innritun. Kom þá í ljós að bilun var í innritunarkerfinu og gekk innritunin ákaflega seint fyrir sig. Það seint að kl. 12:15 þegar fjórir leikmenn liðsins voru komnir út í vél var kallað í starfsmann liðsins og honum tilkynnt að flugstjórinn myndi ekki bíða lengur og honum sagt að hann yrði að ná í þessa fjóra sem væru komnir inn í vél. Þar sem þetta væri hópur þá yrði hópurinn að ferðast saman. Starfsfólk SAS á flugvellinum var jafn hissa á þessu og fararstjórnin, sagðist aldrei hafa vitað til þess að þetta væri gert, þ.e. að flugstjórinn færi í loftið í miðri innritun, en hann væri sá sem réði. Fór því enginn með vélinni til Kaupmannahafnar og missti liðið því af tengifluginu sem vera átti til Íslands kl. 14:00. Liðið fékk flug frá Árósum kl. 17:25 og þegar lent var í Kaupmannahöfn voru það ansi niðurlútir starfsmenn SAS sem afhentu okkur ný innritunarspjöld og báðust enn og aftur afsökunar á þessu og töluðu líka um að þeir vissu ekki til þess að þetta hafi verið gert áður. Flug til Íslands var svo kl. 22:30 í staðinn fyrir kl. 14:00. Ljóst er að mikil reynsla hefur skapast fyrir Knattspyrnusambandið að eiga lið í úrslitakeppni eins og þessari. Einnig er þetta mikil reynsla fyrir þá leikmenn sem þarna voru og mun nýtast þeim í verkefnum fyrir landslið Íslands.

### EM 2011/2013

Dregið var í Evrópukeppni U21 2011/2013 í Nyon í Sviss í febrúar. Ísland lenti í riðli 8 með Aserbaídsjan, Belgíu, Englandi og Noregi. Einnig var leikdögum raðað niður. Leiknir voru fjórir leikir í riðlinum árið 2011 og fjórir verða leiknir árið 2012.

Þrír fyrstu leikir liðsins voru á heimavelli. Sá fyrsti var gegn Belgum á Vodafone-vellinum 1. september. Þar sem ekki fékkst æfingaleikur fyrir fyrsta leik í mótinu renndu þjálfararnir nokkuð blint í sjóinn með liðsuppstillingu. Hún gekk þó upp og skoraði Björn Bergmann Sigurðarson bæði mörk Íslands, hið fyrra á 25. mínútu og hið seinna á 87. mínútu, en í millitíðinni náðu Belgar að jafna. Ísland vann því fyrsta leikinn 2-1. Næsti leikur var gegn sterku liði Norðmanna og fór leikurinn fram á Kópavogsvelli 6. september. Leikur liðsins olli nokkrum vonbrigðum og tapaðist leikurinn 0-2. Munaði þar mestu um að Björn Bergmann Sigurðarson var kallaður í A-landsliðið og gekk liðinu illa að skapa sér góð færi.

Þriðji heimaleikurinn var gegn Englendingum og fór sá leikur fram á Laugardalsvelli 6. október. Íslenska liðið lék á köflum mun betur úti á vellinum gegn Englandi en Norðmönnum, það vantaði þó allt bit í sóknarleikinn. Englendingar færðu sér mjög vel í nyt þrjú mjög slæm mistök íslenska liðsins og vann leikinn 0-3. Síðasti leikur ársins var gegn Englendingum á heimavelli Colchester, Weston Homes Community Stadium þann 10. nóvember. Mikil áhugi var á leiknum og var uppselt (15.000 áhorfendur) þremur vikum áður en leikurinn átti að fara fram. Liðið lék vel lengst af í leiknum en staðan í hálfleik var 1-0 fyrir England. Enn ein slæm mistök færðu Englendingum mark númer tvö á silfurfati á 56. mínútu, en fram að því höfðu Englendingar verið sterkari aðilinn í leiknum án þess að skapa sér góð marktækifæri. Á fimm síðustu mínútum leiksins hrundi aftur á móti leikur Íslands og Englendingar skorðu þrjú mörk á þeim kafla. Liðið lék, eins og í hinum tveimur leikjunum á undan, þökkalega úti á vellinum, en það sást vel í þessum leikjum að liðinu vantar tilfinnanlega góðan framherja.

### Leikmenn

Fjörtíu og sex leikmenn tóku þátt í leikjunum nú á árinu. Bjarni Þór Viðarsson er leikjahæsti leikmaður U21 frá upphafi, en í lokakeppni EM náði hann að leika sinn 26. leik. Á eftir honum kemur Birkir Bjarnason sem hefur leikið 25 leiki fyrir U-21 landsliðið. Báðir hafa lokið þátttöku í U21 verkefnum.

### Lokaorð

Það er ljóst að framtíð íslenskrar knattspyrnu er björt með þennan leikmannahóp er tók þátt í EM U21 í Danmörku, en hann mun bera uppi A-landslið Íslands næstu árin. Sú samheldni og samstaða í þeim hópi er það sem byggja þarf á. Það eru því spennandi tímar framundan hjá A-landsliði Íslands. Nýtt lið er nú í mótun hjá þjálfurum U21 og þar eru margir efnilegir leikmenn að koma upp sem framtíðarleikmenn Íslands. Að lokum vil ég þakka leikmönnum, þjálfurum, lækni, sjúkraþjálfurum og liðsstjórum samstarfið þetta tímabilið. Einnig samstarfsmönnum mínum í nefndinni svo og starfsmönnum KSÍ fyrir ánægjulegt samstarf.

*Jóhannes Ólafsson, formaður*

# Skýrsla unglínganefndar karla

Nefndina skipuðu Vignir Már Þormóðsson, formaður, Ingvar Guðjónsson, Jóhann Torfason, Ómar Bragi Stefánsson, Magnús Brandsson, Sigurður Helgason, Sigvaldi Einarsson og Þórarinn Dúi Gunnarsson. Starfsmaður nefndarinnar var Gunnar Gylfason.

Starfssvið nefndarinnar er sem fyrr umsjón með drengja- og unglíngalandsliðum Íslands. Gunnar Guðmundsson var þjálfari U17 landsliðsins, Kristinn Rúnar Jónsson þjálfaði U19 landsliðið og Freyr Sverrisson hafði umsjón með verkefnum U16, úrtökumóti og knattspyrnskólanum ásamt því að vera Gunnari til aðstoðar í verkefnum U17 landsliðsins. Ólafur Ólafsson var aðstoðarþjálfari U19, liðsstjórar liðanna voru Gunnlaugur Hreinsson og Hermann Valsson hjá U17 og Ragnar Bogi Petersen hjá U19. Læknar í ferðum liðanna voru Hjörtur Brynjólfsson, Róbert Mar Jóhannesson og Rómant Christiansen og sjúkráþjálfarar Gunnar Örn Ástráðsson, Rúnar Pálmarsson og Tinna Rúnarsdóttir.

### **U17 - Leikmenn fæddir 1994 og síðar**

#### *EM milliriðill í Ungverjalandi*

Liðið sem hafði unnið sinn undanriðil hér heima haustið 2010 fór til keppni í milliriðli í Ungverjalandi í lok mars. Ásamt heimamönnum voru Rússar og Rúmenar með okkar mönnum í riðli. Meiðsli settu nokkuð strík í reikninginn í undirbúningnum fyrir mótið og eins vantaði 4 lykilleikmenn úr liðinu frá haustinu áður. Fyrsti leikurinn var gegn Rúmenum og lauk leiknum með markalausum jafntefli þar sem Rúmenar voru meira með boltann en færin voru Íslendinga. Ungverjar voru næstu andstæðingar og fóru þeir með 2-0 sigur þar sem mörkin komu sitt hvoru megin við leikhléið og ekki tókst okkar mönnum að minnka muninn þrátt fyrir ágætar tilraunir. Í lokaleiknum var leikið við Rússa sem einnig unnu 2-0 sigur og skorðu þeir bæði mörkin í fyrri hálfleik. Þrátt fyrir ágæt færi tókst ekki að minnka muninn og undir lokin var tveimur leikmönnum íslenska liðsins vísað af leikvelli. Rúmenar unnu riðilinn, hlutu sjö stig, og komust í úrslitakeppnina í Serbíu, Rússar fengu 6 stig, Ungverjar 3 og Íslendingar eitt.

### **U17 - Leikmenn fæddir 1995 og síðar**

Verkefni þessa liðs voru með hefðbundnu sniði, Norðurlandamót í ágúst og undankeppni Evrópumótsins í september.

#### *Opna Norðurlandamótið*

Mótið var að þessu sinni haldið hér á landi 2.-7. ágúst. Ekki tókst að fá gestgjóð til þátttöku og því var afráðið að tefla fram tveimur íslenskum liðum. Var lið 1 í riðli með Noregi, Englandi og Færeyjum en lið 2 með Dönum, Finnnum og Svíum.

Fyrsta leikdaginn var leikið á Þórsvelli á Akureyri. Þar byrjaði lið 1 ekki vel því Norðmenn voru komnir í 0-2 eftir 26 mínútur í leiknum. Hjörtur Hermannsson minnkaði muninn í byrjun síðari hálfleiks og Oliver Sigurjónsson jafnaði svo leikinn úr vítaspyrnu í uppbótartíma. Lið tvö byrjaði svipað því Svíar skorðu eftir eina mínútu á Akureyrarvelli en Gunnlaugur Hlynur Birgisson jafnaði sex mínútum síðar. Alexander Helgi Sigurðsson kom íslenska liðinu yfir þegar korter var eftir og Emil Ásmundsson tryggði sigurinn á lokamínútunum.

Annan leikdaginn lék A riðillinn á Sauðárkróki og mætti lið 1 Færeyingum og vann öruggan 3-0 sigur. Oliver Sigurjónsson, Elías Már Ómarsson og Þórður Jón Jóhannesson skorðu mörkin. B riðillinn lék þennan dag á Ólafsfirði og voru Finnar andstæðingurinn. Atli Fannar Jónsson kom okkar mönnum yfir í fyrri hálfleik en Finnar jöfnuðu þegar skammt var til leiksloka.

Þriðja leikdaginn var leikið á Dalvík og Húsavík. A riðillinn lék á Dalvík og þar léku okkar menn í liði 1 úrslitaleik við Englendinga. Þórður Jón og Stefán Þór Pálsson skorðu fyrir íslenska liðið í upphafi seinni hálfleiks, Englendingar minnkuðu muninn en þar við sat og íslenskur 2-1 sigur raunin. Á Húsavík lék lið 2 við Dani og var það hreinn úrslitaleikur um sigur í riðlinum. Danir skorðu á lokamínútum fyrri hálfleiks og svo aftur í uppbótartíma síðari hálfleiks og unnu 0-2 sigur.

Í A riðli hlaut Ísland-1 sjö stig, Noregur 5, England 4 stig en Færeyingar ekkert. Í B riðlinum hlutu Danir 7 stig, Ísland-2 fjögur stig, Finnar 3 stig og Svíar eitt.

Leikir um sæti voru leknir á Akureyri og Grenivík þar sem Svíar unnu Færeyinga 3-0 í leik um sjöunda sætið. Á Akureyrarvelli unnu Englendingar Finna 3-2 í leik um fimmta sætið. Bronsleikurinn á Þórsvelli milli Íslands-2 og Noregs var jafn og náði Samúel Kári Jónsson forystunni fyrir Ísland í upphafi síðari hálfleiks en Norðmenn náðu að skora tvisvar eftir það og tryggja sér bronsið. Úrslitaleikurinn við Dani á Þórsvelli var hörkuleikur. Ævar Ingi Jóhannesson skoraði á 22. mínútu og reyndist það eina markið í leiknum þrátt fyrir góð færi beggja liða. Ísland-1 varð þar með Norðurlandameistari í fyrsta skipti frá



2002, en það ár var Ísland Norðurlandameistari þrátt fyrir að tapa úrslitaleiknum, þar sem mótherjinn var ekki Norðurlandapjód, heldur gestaliðið England.

Þakkir og kveðjur vil ég bera til þeirra félaga og sjálfboðaliða á Norðurlandi sem gerðu okkur kleift að halda Norðurlandamótið á jafn glæsilegan hátt og raun bar vitni. Undantekningalaust var umgjörð leikja fagleg, vellirnir góðir og höfðinglegar móttökur. Allir voru tilbúnir að leggja hönd á plóg. Hafid kærar þakkir fyrir.

### *Undankeppni EM*

Riðið Íslands í undankeppni Evrópumótsins var leikinn í Ísrael í október og voru mótherjarnir, auk heimamanna, Svisslendingar og Grikkir. Fyrsti leikurinn var gegn Svisslendingum sem voru komnir með 3-0 forystu eftir 22 mínútur. Emil Ásmundsson minnkaði muninn á lokamínútum fyrri hálfleiksins en Svisslendingar bættu við tveimur mörkum í þeim síðari og unnu 5-1 stórsigur.

Annar leikurinn var gegn Grikkjum sem höfðu unnið Ísraelsmenn 4-1 í fyrsta leiknum. Íslenska liðið vann góðan 0-1 sigur með marki Páls Olgeirs Þorsteinssonar í byrjun síðari hálfleiks. Ísrael vann Sviss sama dag 3-2 og því voru öll fjögur liðin með 3 stig fyrir lokaumferðina en íslenska liðið í neðsta sæti með lökustu markatöluna.

Mikil spenna var því lokadaginn og ekkert var skorað í leikjunum tveimur, fyrr en þremur mínútum fyrir leikslok í leik Íslands og Ísraels er Stefán Þór Pálsson skoraði það sem reyndist vera sigurmarkið í leiknum. Leik Sviss og Grikklands lauk með markalausum jafntefli og það var því íslenska liðið sem vann riðilinn með sex stig, Svisslendingar fylgdu okkur í milliriðla með fjögur stig og hagstæðari markatölu en Grikkir, og Ísraelsmenn ráku lestina með 3 stig. Í nóvember var dregið í milliriðla og dróst íslenska liðið í riðil með Dönum, Skotum og Litháum og verður leikið í Skotlandi í lok mars.

### **U19 – Leikmenn fæddir 1993 og síðar**

#### *Vináttulandsleikir*

Liðið lék tvo vináttuleiki við Eista ytra í september. Fyrri leikurinn vannst 1-4 þar sem Árni Vilhjálmsson, Hjörtur Hermannsson, Einar Karl Ingvarsson og Orri Sigurður Ómarsson skoruðu. Seinni leikurinn vannst síðan 0-1 þar sem Hólmbergt Aron Friðjónsson skoraði markið.

#### *Undankeppni Evrópumótsins*

Íslenska liðið var í riðli með Noregi, Kýpur og Lettlandi og var leikið á Kýpur seinni hluta október. Fyrsti leikurinn var gegn Lettum sem unnu 2-0 sigur með marki í sitt hvorum hálfleiknum. Okkar menn áttu ágætis færi í leiknum án þess að skora og til að mynda fór vítaspyrna forgörðum.

Annar leikurinn var gegn heimamönnum og var þar um hörkuleik að ræða. Kýpverjarnir komust yfir snemma leiks úr vítaspyrnu en Arnar Aðalgeirsson jafnaði á þeirri 34. og þar við sat.

Fyrir lokaleikinn gegn Norðmönnum myndi sigur duga til að liðið kæmist í milliriðil. Norðmenn komust snemma yfir en Hólmbergt Aron jafnaði leikinn á 20. mínútu og Tómas Óli Garðarsson kom okkar mönnum yfir í byrjun síðari hálfleiks en Norðmenn jöfnuðu jafn harðan. Því miður kom ekki markið sem hefði tryggt Íslandi sigur og sæti í milliriðli og liðið því úr leik. Norðmenn og Kýpverjar hlutu 5 stig, Lettar 3 og Íslendingar tvö.

### **U19 – Leikmenn fæddir 1994 og síðar**

Liðið tók þátt í æfingamóti í Svíþjóð síðari hluta júlímánaðar ásamt Svíum, Norðmönnum og Walesbúum. Fyrst var leikið gegn Walesverjum og þar vann íslenska liðið stórsigur 1-5. Árni Vilhjálmsson og Oliver Sigurjónsson skoruðu í fyrri hálfleik og í síðari hálfleik skoruðu Arnar Aðalgeirsson, Hjörtur Hermannsson og Hafþór Mar Aðalgeirsson.

Næsti leikur var gegn Svíum og þar vannst aftur sigur, nú 0-2. Árni skoraði bæði mörkin í sitt hvorum hálfleiknum.

Síðasti leikurinn var gegn Norðmönnum sem komust yfir í byrjun síðari hálfleiks, Árni jafnaði metin nær strax en það voru Norðmenn sem skoruðu sigurmarkið og unnu 2-1. Þrátt fyrir þetta tap vann Ísland mótið á hagstæðari markatölu en Svíar, en bæði lið hlutu 6 stig en Norðmenn og Walesverjar hlutu 3 stig hvort lið.

### **Úrtökumót**

Úrtökumót KSÍ fór að venju fram að Laugarvatni um miðjan ágúst og hafði Freyr Sverrisson umsjón með mótinu og honum til aðstoðar voru þeir Vilberg Jónasson, Davíð Jónasson og Mark Duffield. Líkt og undanfarin ár tóku 64 drengir víðs vegar af landinu þátt og munu þeir mynda U17 landsliðið á þessu ári.

### Lokaorð

Það er óhætt að segja að árið 2011 hafi verið afar árangursríkt. U17 varð Norðurlandameistari í fyrsta sinn „fyrir alvöru“, einu sinni áður, árið 2002 höfum við hampað þeim titli en töpuðum þá reyndar fyrir Englendingum í úrslitaleik, en nú var því ekki að skipta, okkar drengir töpuðu ekki leik og unnu mótið sannfærandi. Þar sem við tefldum fram tveimur liðum í fyrsta skipti er ekki síður ánægjulegt að lið 2 skyldi spila um þriðja sætið á mótinu, verulega góður árangur það og sýnir breiddina vel í þessum árgöngum. U17 náði einnig takmarki sínu í undanriðli EM og U18 vann æfingamótið í Svíþjóð, einu marki munaði að U19 tryggði sæti í milliriðli en U17 átti hreinlega við ofurefli að etja í sínum milliriðli í Ungverjalandi. Sannarlega glæsilegur árangur yngri landsliða drengja 2011.

Á árinu 2011 hafa verið haldnar 75 æfingar hjá yngri landsliðinum og til þeirra boðaðir alls 262 leikmenn fæddir 1993-1997 frá 39 félögum. Ég er ánægður með hversu margir leikmenn hafa verið boðaðir til æfinga og fengið möguleikann á að sýna getu sína. Einnig hafa þjálfarar verið duglegir að fylgjast með drengjum hjá þeirra félagsliðum í keppni. Þessar tölur sýna vissulega mikið umfang landsliðanna en við eigum alltaf að hafa það að markmiði að gera betur. Ég hef áður sagt þá skoðun mína að það þurfi að fjölga landsliðum og spila fleiri landsleiki. Flestar þjóðirnar sem við berum okkur saman við hafa á að skipa landsliðum í hverjum árgangi frá 15 ára aldri til 21 árs, ef við ætlum okkur ekki að dragast aftur úr þurfum við að slá í klárinn. Það er eftirtektarvert þegar maður skoðar leikjafjölda einstakra leikmanna að þá fer hann algjörlega eftir árangri og árangurinn næst jú með auknum verkefnum. Árið 2011 spiluðu tveir leikmenn 18 og 17 landsleiki á árinu, þeir Hjörtur Hermannsson og Orri Sigurður Ómarsson, svona eins og eins og eitt „gamalt“ Íslandsmót, en þeir léku líka með þremur landsliðum U17, U18 og U19. Leikmenn sem spila marga landsleiki jafnt og þétt með yngri landsliðunum verða ávallt betur undir það búnir að spila með A-landsliði Íslands og það er jú markmiðið.

Verkefni ársins 2012 eru með svipuðu sniði og undanfarin ár. U17 spilar í milliriðli EM í Skotlandi seinnipartinn í mars, andstæðingar okkar þar eru auk heimamanna, Danir og Litháar, Norðurlandamótið er að þessu sinni haldið í Færeyjum í ágúst og undanriðill EM á Möltu en auk heimamanna verða andstæðingar okkar þar Noregur og Portúgal. U18 ára liðið heldur til Svíþjóðar á æfingamót í júlí og U19 ára liðið leikur í undanriðli EM í Króatíu í lok október, andstæðingar okkar þar auk heimamanna eru Georgía og Aserbaídsjan. Einnig koma vinir okkar frá Eistlandi í heimsókn í byrjun september og spila tvo æfingaleiki við okkar drengi í þessum aldursflokki.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf. Sérstakar þakkir fær Gunnlaugur Hreinsson fyrir áralengt og óeigingjarnt starf sem liðsstjóri U17 en hann hefur nú ákveðið að leggja skóna á hilluna frægu.

*Vignir Már Þormóðsson, formaður*

# Skýrsla landsliðsnefndar kvenna

Landsliðsnefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2011: Guðrún Inga Sívertsen formaður, Arna Steinsen, Erla Hendriksdóttir, Hanna Dóra Markúsdóttir, Laufey Sigurðardóttir og Ragnhildur Skúladóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk landsliðsnefndar er umsjón með A landsliði kvenna, en verkefni ársins voru fjórir vináttuleikir á Algarve Cup og undankeppni EM 2013. Sigurður Ragnar Eyjólfsson var landsliðsþjálfari og honum til aðstoðar var Guðni Kjartansson. Markmannsþjálfari var Halldór Björnsson. Læknir liðsins var Reynir Björn Björnsson. Sjúkraþjálfari var Svala Helgadóttir, Erla Hendriksdóttir var nuddari og liðsstjóri var Margrét Ákadóttir. Einnig störfuðu með liðinu á árinu Ragnheiður Elíasdóttir liðsstjóri og Sólveig Þórarinsdóttir sjúkraþjálfari.

Fyrsta verkefni ársins var Algarve Cup og hóf íslenska liðið keppnistímabilið með tímamótasigrum á Svíum, 2-1. Mörk Íslands skoruðu þær Margrét Lára Viðarsdóttir og Katrín Jónsdóttir fyrirliði. Annar leikur liðsins var gegn Kínverjum og þar vannst einnig 2-1 sigur. Margrét Lára skoraði bæði mörk Íslands í leiknum. Lokaleikurinn í riðlinum var gegn Danmörku og var þriðji sigur liðsins í höfn, að þessu sinni 1-0 með marki Dóru Maríu Lárusdóttur. Þetta voru fyrstu sigrar A landsliðs kvenna á Svíum og Dönnum. Fyrsta sætið í riðlinum þýddi úrslitaleik gegn Bandaríkjunum. Bandaríkin sigruðu í þeim leik 4-2 en mörk okkar í leiknum skoruðu þær Katrín Ómarsdóttir og Hallbera Guðný Gísladóttir. Árangurinn gaf góð fyrirheit fyrir framhaldið.

Fyrsti leikurinn í undankeppni EM var gegn Búlgaríu 19. maí. Ísland sigraði 6-0 með mörkum þeirra Margréttar Láru (4), Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og Hólmfríðar Magnúsdóttur. Sautjándi september tók íslenska liðið á móti því norska á heimavelli. Skemmst er frá því að segja að Ísland vann öruggan 3-1 sigur, þar sem Hólmfríður (2) og Margrét Lára skoruðu mörk Íslands. Þann 21. september var leikið gegn Belgum á heimavelli. Þrátt fyrir fjölmörg marktækifæri og yfirburði í leiknum náði íslenska liðið ekki að skora og því varð markalaust jafntefli niðurstaðan. Í lok október var haldið í erfiða ferð til Ungverjalands og N.-Írlands. Í Ungverjalandi náði Dóra María Lárusdóttir að skora mark sem dugði til sigurs. Í N.-Írlandi skoruðu Hólmfríður og Dagný Brynjarsdóttir sitt markið hvor og tryggðu þar öruggan 2-0 sigur. Íslenska liðið hélt því í vetrarfrí í efsta sæti síns riðils með góðu stöðu fyrir næsta ár.

### Tímamótaleikir

Nokkrir tímamótalandsleikir voru á starfsárinu. Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir lék sinn 50. landsleik gegn Bandaríkjunum á Algarve Cup, Laufey Ólafsdóttir lék sinn 25. landsleik gegn Belgíu sem og Guðný Björk Óðinsdóttir. Raket Logadóttir lék sinn 25. landsleik á Algarve. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir lék sinn fyrsta landsleik gegn N.-Írum í Belfast. Katrín Jónsdóttir heldur áfram að bæta landsliðsmet sitt. Hún hefur nú leikið 111 A landsleiki fyrir Íslands hönd.

### Lokaorð

Nú í lok árs er íslenska liðið í 15. sæti á heimslista FIFA og hefur aldrei verið ofar. Sá árangur er uppskera margra áratuga vinnu þar sem fjölmargir hafa lagt hönd á plóginn. Næsta markmið okkar er skýrt, sæti í úrslitakeppni EM 2013 í Svíþjóð og vonumst við eftir áframhaldandi stuðningi til að ná því markmiði.

Þeim sem hafa staðið þétt við bakið á liðinu á árinu eru þokkuð góð störf. Þar ber helst að nefna fasta starfsmenn liðsins, Sigurð Ragnar, Guðna, Halldór, Svölu, Reyni og Margréti. Þá nefndarfélagið Arna, Erla, Hanna Dóra, Laufey og Ragnhildur sem allar hafa lagt ómetanlegan tíma og metnað sinn í starfið. Þá vil ég sérstaklega þakka starfsmanni nefndarinnar, Klöru Bjartmarz, sem hefur í gegnum árin unnið frábært starf í þágu landsliðsins og kvennakkntattspyrnunnar á Íslandi. Einnig ber að þakka starfsmönnum á skrifstofu KSÍ sem eru ávallt reiðubúnir til að aðstoða sem og öðrum þeim sem greiddu götu okkar á árinu Öllu þessu frábæra fólki er þakkað fyrir vel unnin störf og ánægjulegt samstarf. Síðast en ekki síst er leikmönnum íslenska liðsins þakkað ómetanlegt framlag til íslenskrar knattspyrnu.

*Guðrún Inga Sívertsen, formaður*

### Skýrsla unglínganefndar kvenna

Unglínganefnd kvenna var skipuð eftirtöldum árið 2011: Ragnhildur Skúladóttir, formaður, Ásta B. Gunnlaugsdóttir, Íris Björk Eysteinsdóttir, Jakob Skúlaon, Sigrún Ríkharðsdóttir og Tómas Þóroddsson. Starfsmaður nefndarinnar var Klara Bjartmarz.

Hlutverk unglínganefndar kvenna er umsjón með U19 og U17 landsliðum kvenna. Ólafur Þór Guðbjörnsson var þjálfari U19 og honum til aðstoðar var Úlfar Hinriksson. Þorlákur Árnason var þjálfari U17 og honum til aðstoðar var Bóel Kristjánsdóttir. Þá var Ólafur Pétursson markmannsþjálfari liðanna. Sjúkraþjálfarar voru þær Sólveig Þórarinsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir. Hjördís Smith, Hjörtur Þór Hauksson, Karl Kristinsson, Ólafur Þór Gunnarsson og Sigurbjörn Björnsson voru læknar liðanna. Liðsstjórar voru þær Ásta B. Gunnlaugsdóttir hjá U19 og Sigríður Fanney Pálsdóttir og Sara Rut Unnarsdóttir hjá U17.

#### U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1992 og síðar

Um mánaðamótin mars/apríl lék U19 landslið kvenna í milliriðlum EM og fór riðillinn fram í Wales. Íslenska liðið tapaði fyrsta leik sínum 1-3 fyrir Tyrkjum og skoraði Berglind Björg Þorvaldsdóttir markið. Liðið vann Wales í öðrum leiknum þar sem Sóley Guðmundsdóttir og Katrín Ásbjörnsdóttir skoruðu mörkin. Mótherjarnir í þriðja leik voru Þjóðverjar og átti íslenska liðið aldrei möguleika, tapaði 0-3.

#### U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1993 og síðar

Í september lék liðið í undankeppni EM á heimavelli. Fyrsti leikur liðsins var gegn Slóveníu á Vodafonevellingum og sigraði Ísland 2-1 í leiknum með mörkum þeirra Guðmundu Brynju Óladóttur og Katrínar Gyfjadóttur. Í öðrum leik var haldið á Selfoss þar sem öruggur 3-0 sigur vannst á Kasakstan. Mörkin skoruðu þær Guðmundu Brynja, Hildur Antonsdóttir og Fjolla Shala. Þriðji og síðasti leikurinn var gegn Wales á Fylkissvelli og þar sigraði Ísland 2-0 með mörkum þeirra Þórdísar Hrannar Sigfúsdóttur og Elínar Mettu Jensen. Í mótinu var einnig leikið á Fjölnisvelli, Sandgerðisvelli og Varmárvelli. Þau félag sem lánuðu velli sína og aðstoðuðu við framkvæmd leikja stóðu sig með mikilli þrýði og eiga þakkir skildar.

Framundan er erfitt verkefni í milliriðlum, en íslenska liðið var dregið í riðil með Frakklandi, Rúmeníu og Hollandi. Riðillinn fer fram í Hollandi um mánaðamótin mars/apríl 2012.

#### U19 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar

Haustið 2012 hefst forkeppni fyrir EM U19 kvenna 2013. Þar mætum við Danmörku, Moldavíu og Slóvakíu en leikið verður í Danmörku.

#### U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1994 og síðar

Í apríl lék U17 liðið í milliriðlum EM í Póllandi. Íslenska liðið byrjaði riðilinn með látum, lagði England 2-0 með mörkum þeirra Guðmundu Brynju og Elínar Mettu. Endurtekin úrslit voru í öðrum leik liðsins en þar skoruðu þær Guðmundu Brynja og Telma Þrastardóttir mörk Íslands gegn Pólverjum. Í lokaleiknum voru Svíar sigraðir 4-1 og þar skoruðu þær Sigríður Lára Garðarsdóttir, Guðmundu Brynja og Aldís Kara Lúðvíksdóttir (2) mörk Íslands. Með þessum stórkostlega árangri tryggði liðið sér sæti í 4ra liða úrslitum Evrópukeppninnar og er fyrsta íslenska landsliðið sem nær þeim áfanga.

Í lok júlí var haldið til Nyon í Sviss þar sem úrslitakeppni U17 mótsins fór fram. Íslenska liðið mætti þar ofjörlum sínum. Tapaði 0-4 fyrir Spáni í undanúrslitum og 2-8 fyrir Þjóðverjum í leik um 3ja sætið. Mörk Íslands gegn Þýskalandi skoruðu þær Telma Þrastardóttir og Aldís Kara.

#### U17 – Kvinnalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1995 og síðar

Í byrjun júlí fór fram Norðurlandamót stúlkna í Finnlandi. Íslenska liðið byrjaði með 1-1 jafntefli gegn Þýskalandi. Mark Íslands í leiknum skoraði Elín Metta. Annar leikur liðsins í riðlinum var gegn Frökkum en þeim leik tapaði Ísland naumlega 2-3. Mörk Íslands skoruðu þær Elín Metta og Hanna Kristín Hannesdóttir. Í lokaleiknum í riðlinum var leikið gegn Noregi þar sem jafntefli var niðurstaðan 1-1. Markið skoraði Hildur Antonsdóttir. Íslenska liðið lék því gegn Svíum um 5. sætið í mótinu og sigraði Svía örugglega 5-3 með mörkum þeirra Elínar Mettu (4) og Telmu Þrastardóttur.

Í október lék U17 í sterkum riðli í undankeppni EM 2012 í Austurríki. Liðið vann heimakonur í fyrsta leik sínum, 2-1, með mörkum þeirra Láru Einarsdóttur og Svövu Rósar Guðmundsdóttur. Í öðrum leiknum var

öruggur 3-0 sigur á Kasakstan niðurstaðan, þar sem Glódís Perla Viggósdóttir (2) og Eva Lind Elíasdóttir voru markaskorarar. Lokaleikur riðilsins var úrslitaleikur um sæti í milliriðlum þar sem sterkt lið Skota var mótherjinn. Okkar liði dugði 1-1 jafntefli til að komast í milliriðla EM, en leiknum lauk 2-2 þar sem markaskorarar Íslands voru þær Hanna Kristín og Berglind Rós Ágústsdóttir.

Dregið var í milliriðla í nóvember og leikur Ísland í riðli með Sviss, Englandi og Belgíu, en leikið verður í Belgíu um miðjan apríl 2012.

### **U17 – Kvennalandsliðið skipað leikmönnum fæddum 1996 og síðar**

Haustið 2011 hefst forkeppni fyrir EM U17 kvenna 2013. Leikið verður í Slóveníu í september 2012 og erum við í riðli með Tékklandi, Eistlandi og Slóveníu.

### **Lokaorð**

Árið 2011 var frábært ár fyrir yngri landslið kvenna þar sem árangur U17 kvenna stóð upp úr. Liðið lék 12 leiki á árinu, sigraði í 7 leikjum, gerði 3 jafntefli og tapaði 2 leikjum. Þrátt fyrir að liðið hafi tapað báðum leikjum sínum í úrslitakeppninni í Sviss þá er liðið 4. besta lið Evrópu í þessum aldursflokki sem er einstakur árangur. Bæði liðin komust í milliriðla EM sem fara fram næsta vor. Milliriðlar eru erfið verkefni en við erum með frábær lið og höfum enga ástæðu til annars en að vera bjartsýn með framhaldið og vonandi þátttöku í úrslitakeppni annars liðsins, eða beggja, næsta sumar. Í yngri landsliðum kvenna er komin upp sú staða að 3 leikmenn leika með erlendum félagsliðum. Það verður athyglisvert að fylgjast með því hvaða áhrif það hefur á landsliðin á komandi árum.

Bæði liðin eru með frábæra leikmenn sem eru tilbúnir til að leggja mikið á sig til að ná árangri. Umgjörð liðanna er góð með valinn mann í hverju starfi, hæfir þjálfarar, aðstoðarþjálfarar og markmannsþjálfari á æfingum liðanna, lækna og sjúkraþjálfarar skila frábæru starfi og margreyndir liðsstjórar landsliðanna eru mikilvægur hlekkur í góðri liðsstjórn.

Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum, þjálfurum, sjúkraþjálfurum, læknum, liðsstjórum og starfsmönnum á skrifstofu KSÍ fyrir mjög gott samstarf.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

## Landsleikir á árinu

Nr.	Leikdagur	Lið - Keppni	Land	Staður	Völlur	Heimalið	Gestir	Úrslit
1	fös. 21. jan	UEFA Futsal landsliða	Ísland	Hafnarfjörður	Ásvellir	Ísland	Lettland	4-5
2	lau. 22. jan	UEFA Futsal landsliða	Ísland	Hafnarfjörður	Ásvellir	Ísland	Armenía	6-1
3	mán. 24. jan	UEFA Futsal landsliða	Ísland	Hafnarfjörður	Ásvellir	Grikkland	Ísland	4-5
4	mið. 02. mar	A kv. - Algarve B riðill	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de Loule	Svíþjóð	Ísland	1-2
5	fös. 04. mar	A kv. - Algarve B riðill	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de Albufeira	Ísland	Kína	2-1
6	mán. 07. mar	A kv. - Algarve B riðil	Portúgal	Algarve	Est. Municipal de Lagos	Danmörk	Ísland	0-1
7	mið. 09. mar	A kv. - Algarve - Úrslitaleikur	Portúgal	Algarve	Estadio Algarve	Bandaríkin	Ísland	4-2
8	fim. 24. mar	U21 karla - Vináttuleikur	Úkraína	Kiev	Valeriy Lobanovskyy St.	Úkraína	Ísland	3-2
9	fim. 24. mar	U17 karla - Millir. EM 2011	Ungverjaland	Bük	Bük	Rúmenía	Ísland	0-0
10	lau. 26. mar	A karla - Undank. EM 2012	Kýpur	Nicosia	GSP	Kýpur	Ísland	0-0
11	lau. 26. mar	U17 karla - Millir. EM 2011	Ungverjaland	Bük	Bük	Ungverjaland	Ísland	2-0
12	mán. 28. mar	U21 karla - Vináttuleikur	England	Preston	Deepdale	England	Ísland	1-2
13	þri. 29. mar	U17 karla - Millir. EM 2011	Ungverjaland	Bük	Bük	Rússland	Ísland	2-0
14	fim. 31. mar	U19 kv. - Millir. EM 2011	Wales	Llanelli	Parc Y Scarlets	Ísland	Tyrkland	1-3
15	lau. 02. apr	U19 kv. - Millir. EM 2011	Wales	Llanelli	Stebonheath Park	Wales	Ísland	0-2
16	þri. 05. apr	U19 kv. - Millir. EM 2011	Wales	Llanelli	Stebonheath Park	Ísland	Þýskaland	0-3
17	lau. 09. apr	U17 kv. - Millir. EM 2011	Pólland	Jaworzno	Jaworzno	Ísland	England	2-0
18	mán. 11. apr	U17 kv. - Millir. EM 2011	Pólland	Sosnowiec	Sosnowiec	Ísland	Pólland	2-0
Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hélt 23 reglubundna fundi á keppnistímabilinu. Þar fyrir utan kom nefndin saman á aukafundum fyrir keppnistímabilið og á keppnistímabilinu sjálfu til að fjalla um einstök mál. Mjög misjafnt var hversu mörg mál voru tekin fyrir á hverjum fundi. Flest málin voru á fundi nefndarinnar þann 16. ágúst, en þá voru tekin fyrir agamál 74 einstaklinga sem hlutu leikbönn vegna brottvísana og áminninga.

Meðaltal gulra og rauðra spjalda í leikjum í 11 manna knattspyrnu hefur lítið breyst síðastliðin ár. Meðaltal gulra spjalda árið 2011 var 1,95 í leik og meðaltal rauðra spjalda var 0,18. Aftar í ársskýrslunni er yfirlit yfir fjölda spjalda í einstökum deildum og flokkum árin 2010 og 2011.

Sektir vegna refsistiga og brottvísunar þjálfara og starfsmanna liða námu 803 þúsundum króna árið 2011, sem er lækkun frá árinu á undan (926 þúsund). Jafnframt er sektarákvæðum m.a. beitt vegna ónógrar gæslu og vegna ósæmilegrar hegðunar þjálfara, forystumanna og stuðningsmanna.

Drago-stytturnar eru veittar háttvísustu liðunum í tveimur efstu deildum karla. Valur og ÍBV hljóta Drago-styttuna fyrir árið 2011 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ, en gul og rauð spjöld vega þungt í því mati. BÍ/Bolungarvík hlýtur styttuna í 1. deild karla á grundvelli fjölda gulra og rauðra spjalda. ÍBV var þrúðasta liðið í Pepsi-deild kvenna síðastliðið keppnistímabil með aðeins 7 gul spjöld í leikjum sínum í deildinni og ekkert rautt spjald.

### Kærumál

Aga- og úrskurðarnefnd úrskurðaði í sex kærumálum sem bárust nefndinni og var engum þessara úrskurða áfrýjað til áfrýjunardómstóls KSÍ. Þremur úrskurðum nefndarinnar í agamálum var áfrýjað til áfrýjunardómstóls.

### Lokaorð

Samstarfsmönnum í aga- og úrskurðarnefnd og starfsmönnum nefndarinnar er þakkað gott samstarf á árinu, sömuleiðis stjórnarmönnum KSÍ, dómurum, eftirlitsmönnum, leikmönnum og forystumönnum félaga.

*Gunnar Guðmundsson, formaður*



# Ársskýrslur nefnda KSÍ 2011

## Sektir vegna refsistiga

Félag	Sekt				
Afríka	24.000 kr.	Hamar	38.000 kr.	Leiknir F.	20.000 kr.
Afturelding	4.000 kr.	Haukar	2.000 kr.	Leiknir R.	12.000 kr.
Afturelding/Hvíti	2.000 kr.	HK	2.000 kr.	Leiknir/KB	15.000 kr.
Augnablik	2.000 kr.	Huginn	10.000 kr.	Njarðvík	5.000 kr.
Álftanes	10.000 kr.	Hvíti riddarinn	40.000 kr.	Selfoss	6.000 kr.
Álftanes/Haukar	5.000 kr.	Höttur	14.000 kr.	Sindri	10.000 kr.
Árborg	11.000 kr.	Höttur/Einherji	4.000 kr.	Skallagrímur	12.000 kr.
Ármann	12.000 kr.	ÍA	23.000 kr.	Stál-úlfur	4.000 kr.
Berserkir	68.000 kr.	ÍBV	10.000 kr.	Stjarnan	12.000 kr.
Björninn	8.000 kr.	ÍBV/KFS/KFR	5.000 kr.	Tindastóll/Hvöt	7.000 kr.
Breiðablik 2	5.000 kr.	ÍH	2.000 kr.	Valur	6.000 kr.
Breiðablik/Augnablik	11.000 kr.	ÍR	10.000 kr.	Víðir	2.000 kr.
Breiðablik/Augnablik 2	5.000 kr.	Ísbjörninn	4.000 kr.	Víkingur Ó.	46.000 kr.
Dalvík/Reynir	12.000 kr.	KA	21.000 kr.	Víkingur R.	18.000 kr.
Draupnir	4.000 kr.	Kári	6.000 kr.	Vængir Júpíters	2.000 kr.
FH	11.000 kr.	KB	2.000 kr.	Völsungur	2.000 kr.
Fjarðabyggð	24.000 kr.	KF	20.000 kr.	Pór	7.000 kr.
Fjölknir	8.000 kr.	KF/Dalvík/Reynir	3.000 kr.	Pór/KA	10.000 kr.
Fjölknir/Björninn	13.000 kr.	KFG	2.000 kr.	Próttur R.	30.000 kr.
Fram	4.000 kr.	KF/Tindastóll	2.000 kr.	Próttur V.	6.000 kr.
Fylkir	37.000 kr.	KR	29.000 kr.	Ægir	16.000 kr.
Grundarfjörður	12.000 kr.	KV	14.000 kr.	<b>Samtals</b>	<b>803.000 kr.</b>

Fjöldi spjalda í mótum 2011						Fjöldi spjalda í mótum 2010					
Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð	Mót	Fjöldi leikja	Gul	Rauð	Meðalt. gul	Meðalt. rauð
Pepsi-deild karla	132	523	33	3,96	0,25	Pepsi-deild karla	132	523	35	3,96	0,27
1. deild karla	132	500	37	3,79	0,28	1. deild karla	132	560	52	4,24	0,39
2. deild karla	132	572	48	4,33	0,36	2. deild karla	132	569	69	4,31	0,52
3. deild karla A	56	176	11	3,14	0,20	3. deild karla A	56	180	19	3,21	0,34
3. deild karla B	56	200	19	3,57	0,34	3. deild karla B	42	157	18	3,74	0,43
3. deild karla C	56	208	28	3,71	0,50	3. deild karla C	42	151	15	3,60	0,36
3. deild karla D	37	150	12	4,05	0,32	3. deild karla D	42	152	19	3,62	0,45
3. deild karla úrslit	14	77	8	5,50	0,57	3. deild karla úrslit	14	67	7	4,79	0,50
VISA-bikar karla	71	267	35	3,76	0,49	VISA-bikar karla	74	279	27	3,77	0,36
Lengjubikar karla	178	572	67	3,21	0,38	Lengjubikar karla	182	647	49	3,55	0,27
Pepsi-deild kvenna	90	175	13	1,94	0,14	Pepsi-deild kvenna	90	172	13	1,91	0,14
1. deild kvenna A	42	53	5	1,26	0,12	1. deild kvenna A	42	43	2	1,02	0,05
1. deild kvenna B	42	54	2	1,29	0,05	1. deild kvenna B	56	68	6	1,21	0,11
1. deild kvenna úrslit	5	9	0	1,80	0,00	1. deild kvenna úrslit	5	8	1	1,60	0,20
VISA-bikar kvenna	25	47	4	1,88	0,16	VISA-bikar kvenna	23	38	6	1,65	0,26
Lengjubikar kvenna	68	61	10	0,90	0,15	Lengjubikar kvenna	67	64	4	0,96	0,06
Meistarakeppni KSÍ	2	3	1	1,50	0,50	Meistarakeppni KSÍ	2	8	1	4,00	0,50
2. flokkur karla	306	813	85	2,66	0,28	2. flokkur karla	294	815	88	2,77	0,30
3. flokkur karla	305	356	38	1,17	0,12	3. flokkur karla	329	456	33	1,39	0,10
4. flokkur karla	402	172	17	0,43	0,04	4. flokkur karla	391	161	16	0,41	0,04
2. flokkur kvenna	113	97	4	0,86	0,04	2. flokkur kvenna	93	49	0	0,53	0,00
3. flokkur kvenna	168	56	4	0,33	0,02	3. flokkur kvenna	164	56	2	0,34	0,01
4. flokkur kvenna	178	12	2	0,07	0,01	4. flokkur kvenna	228	34	0	0,15	0,00
2. flokkur karla bikar	28	66	10	2,36	0,36	2. flokkur karla bikar	24	72	7	3,00	0,29
3. flokkur karla bikar	28	45	4	1,61	0,14	3. flokkur karla bikar	30	47	11	1,57	0,37
2. flokkur kvenna bikar	15	9	1	0,60	0,07	2. flokkur kvenna bikar	13	15	0	1,15	0,00
3. flokkur kvenna bikar	25	8	1	0,32	0,04	3. flokkur kvenna bikar	23	23	0	1,00	0,00
<b>Samtals</b>	<b>2706</b>	<b>5281</b>	<b>499</b>	<b>1.95</b>	<b>0.18</b>	<b>Samtals</b>	<b>2722</b>	<b>5414</b>	<b>500</b>	<b>1.99</b>	<b>0.18</b>

## Drago-styttur

### Pepsi-deild karla 2011

#### Háttvísimat eftirlitsmanna

Röð	Félag	Einkunn
1	Valur	7,80
2	ÍBV	7,80
3	Fram	7,73
4	KR	7,72
5	Grindavík	7,70
6	Breiðablik	7,67
7	Stjarnan	7,67
8	Keflavík	7,67
9	FH	7,63
10	Fylkir	7,56
11	Víkingur R.	7,47
12	Þór	7,41

#### Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
Fram	39	1	43
Grindavík	39	2	47
Valur	36	4	52
Þór	44	2	52
Breiðablik	45	2	53
KR	41	3	53
Stjarnan	41	3	53
ÍBV	38	4	54
Keflavík	52	1	56
Fylkir	50	3	62
FH	44	5	64
Víkingur R.	54	3	66

*Valur og ÍBV hlutu Drago-styttuna í Pepsi-deild karla 2011 á grundvelli háttvísímats eftirlitsmanna KSÍ, en rauð og gul spjöld vega þungt í því mati.*

### 1. deild karla

#### Gul og rauð spjöld

Lið	Gul	Rauð	Refsstig
BÍ/Bolungarvík	33	1	37
Gróttta	35	1	39
Haukar	40	1	44
ÍA	32	4	48
KA	33	4	49
Fjölnir	40	3	52
ÍR	48	3	60
HK	45	4	61
Þróttur R.	49	3	61
Leiknir R.	45	5	65
Víkingur Ó.	45	5	65
Selfoss	55	3	67

*Handhafi Drago-styttunnar í 1. deild karla 2011 er BÍ/Bolungarvík.*

## Skýrsla háttvísinefndar

ÍBV og Valur voru prúðustu liðin í Pepsi-deild karla samkvæmt háttvísímati eftirlitsmanna KSÍ. Háttvísímatíð tekur mið af eftirfarandi atriðum: Fjölda áminninga og brottvísana, sóknarleik (jákvæður leikur) og framkomu leikmanna við mótherja og dómara. Einnig er lagt mat á framkomu liðsstjórnar og áhorfenda.

Í Pepsi-deild kvenna var ÍBV prúðasta liðið, en þar var stuðst við fjölda spjalda á lið í mótinu.

Háttvísinefnd valdi Daníel Laxdal, Stjórnunni, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild karla og Laufeyju Ólafsdóttur, Val, háttvísasta leikmanninn í Pepsi-deild kvenna. Daníel og Laufey eru bæði þekkt fyrir prúðmennsku og háttvísi innan vallar sem utan.

Að vali nefndarinnar komu meðal annars landsliðsþjálfarar KSÍ, fulltrúar dómara og Víðir Sigurðsson blaðamaður. Klara Bjartmarz var starfsmaður nefndarinnar.

## Skýrsla samninga- og félagaskiptanefndar

Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ 2011 skipuðu Lúðvík S. Georgsson formaður, Stefán Geir Þórisson og Örn Gunnarsson. Varamenn voru Guðmundur H. Pétursson, Gísli Guðni Hall og Jóhann Albertsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz.

### Leikmannasamningar

Fj. í gildi 15/01/11	Fjöldi skráðra samninga*	2011		2010		2009		2008		2007	
		Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga	Skr. samn	Fjöldi félaga
315	Pepsi-deild karla	232	12	203	12	236	12	198	12	153	10
214	1. deild karla	154	12	184	11	199	12	130	12	90	11
87	2. deild karla	64	9	98	10	78	8	64	7	25	5
12	3. deild karla	21	4	31	3	5	2	7	1	28	3
174	Pepsi-deild kvenna	111	10	103	10	109	9	72	8	92	8
120	1. deild kvenna	91	11	115	9	78	9	74	8	50	5
540	Leikmannssamningar	390	24	362	24	426	23	273	21	245	29
382	Sambandssamningar	283	32	372	32	279	30	272	26	193	29

\* Fjöldi skráðra samninga á árinu er ekki það sama og fjöldi leikmanna á samningi.

### Málum vísað til nefndarinnar

Ólíkt síðustu árum þá voru flest mál sem komu inn á borð nefndarinnar tengt undanþágum vegna félagaskipta. Líkt og áður var einnig nokkuð um að leikmenn leituðu aðstoðar KSÍ við innheimtu útistandandi launa. Annars var tiltölulega rólegt hjá nefndinni þetta árið. Eftirfarandi mál fengu formlega meðhöndlun:

#### Umsókn um undanþágu fyrir KSÍ umboðsmann

Stefán Karl Kristjánsson óskaði eftir undanþágu til að starfa sem KSÍ umboðsmaður. Hann hafði lokið KSÍ umboðsmannaprófi. Þar sem hann starfaði sem þjálfari hjá KR óskaði hann eftir undanþágu til þess að innleysa réttindi sín. Nefndin synjaði erindinu þar sem reglugerðin heimilar ekki að veita undanþágu frá þeim skilyrðum sem reglugerðin kveður á um til útgáfu réttinda til umboðsmanns.

#### Ósk um undanþágu vegna félagaskipta

Knattspyrnudeild Vals óskaði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagaskiptatímabils fyrir Þórð Steinar Hreiðarsson en hann var skráður leikmaður HB í Færeyjum. Nefndin synjaði erindinu þar sem ekki þótti sýnt fram á sérstakar eða óvenjulegar aðstæður sem gæfu tilefni til þess að beita ákvæði reglugerðarinnar um undanþágu.

#### Ósk um undanþágu vegna félagaskipta

Knattspyrnudeild Grindavíkur óskði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagaskiptatímabils fyrir Jósef Jósefsson. Hann var skráður leikmaður PSFC Chernomorets Burges í Búlgaríu.

Jósef hafði félagaskipti úr Grindavík og í PSFC Chernomorets Burges í febrúar 2011. Ágreiningur um launagreiðslur varð til þess að Jósef rifti samningnum og ákvað að ganga í raðir Grindavíkur aftur. Ósk um þau félagaskipti bárust KSÍ 15. júlí. Búlgarska knattspyrnusambandið hafnaði að staðfesta félagaskiptin þar sem Jósef var samningsbundinn búlgarska félaginu. Málið fór til FIFA. Þann 16. ágúst gaf FIFA út að synjun búlgarska sambandsins hafi verið ólögmet og KSÍ sé heimilt að afgreiða félagaskiptin.

Nefndin samþykkti ósk Grindavíkur þar sem sýnt hafði verið fram á að um hafi verið að ræða sérstakar og óvenjulegar aðstæður sem umrætt ákvæði reglugerðarinnar er ætlað að taka á. Við eðlilegar aðstæður hefðu ofangreind félagaskipti verið afgreidd fyrir lok íslenska félagaskiptagluggans 31. júlí.

#### Áfrýjun vegna undanþágu á félagaskiptum markvarðar

Stjarnan áfrýjaði ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ um að hafna beiðni um undanþágu félagaskipta vegna markvarðar þegar félagaskiptaglugginn var lokaður. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að umræddu undanþáguákvæði verði ekki beitt nema við mjög sérstakar aðstæður og að meisl eins leikmanns geti ekki flokkast þar undir. Nefndin staðfesti því ákvörðun framkvæmdastjóra KSÍ.

#### Ósk um undanþágu vegna félagaskipta

Knattspyrnudeild Stjórnunnar óskaði eftir undanþágu fyrir félagaskipti utan félagaskiptatímabils fyrir Söndru Sigurðardóttur. Hún var skráður leikmaður Jitex BK í Svíþjóð.

Sandra hafði félagaskipti úr Stjórnunni í Jitex BK í janúar 2011. Ágreiningur um launagreiðslur varð til þess að Sandra rifti samningnum og ákvað að ganga aftur í raðir Stjórnunnar. Ósk um þau félagaskipti barst KSÍ 20. júlí. Sænska knattspyrnusambandið hafnaði að staðfesta félagaskiptin þar sem Sandra var

## Ársskýrslur nefnda KSÍ 2011

samningsbundin sænska félaginu. Málið fór til FIFA. Þann 25. ágúst gaf FIFA út að synjun sænska sambandsins hafi verið ólöglegt og KSÍ væri heimilt að afgreiða félagaskiptin. Nefndin samþykkti ósk Stjórnunnar þar sem sýnt hafði verið fram á að um hafi verið að ræða sérstakar og óvenjulegar aðstæður sem umrætt ákvæði reglugerðarinnar er ætlað að taka á. Við eðlilegar aðstæður hefðu ofangreind félagaskipti verið afgreidd fyrir lok íslenska félagaskiptagluggans 31. júlí.

### *Þorvaldur Sveinn gegn Víkingi R.*

Þorvaldur Sveinn Sveinsson óskaði aðstoðar KSÍ vegna óuppgerðra greiðslna vegna leikmannssamnings aðila. Krafa Þorvaldar var að fá greidd þriggja mánaða laun, bónusa frá 2010, útlagðan kostnað vegna skókaupa og sjúkraþjálfunar. Einnig fór hann fram á riftun á samningi. Aðilar voru í megin atriðum sammála nema um þann þátt er laut að kröfunni um þriggja mánaða laun. Í bréfi til nefndarinnar staðfesti Þorvaldur að vegna forfalla á vormánuðum ætti einn mánuður að falla niður í launum og hann eigi því bara rétt á tveggja mánaða launum. Í sama bréfi kom hann hins vegar með nýja kröfu um að fá þriðja mánuðinn greiddan, þ.e. ágúst mánuð. Nefndin hafnaði kröfu Þorvaldar um laun fyrir ágúst mánuð þar sem hennar var ekki getið í upphaflegu kröfugerðinni og einnig þar sem hann fór erlendis til náms fyrir miðjan ágúst mánuð. Að öðru leyti staðfesti nefndin kröfu Þorvaldar.

### **Umboðsmenn**

Tveir einstaklingar þreyttu umboðsmannapróf og stóðust það báðir. Þeir hófu báðir störf á árinu og voru því níu íslenskir umboðsmenn starfandi árið 2011. Aðeins 5 umboðsmannasamningar (samningar leikmanna við umboðsmann) frá tveimur umboðsmönnum (íslenskum og erlendum) voru skráðir hjá skrifstofu KSÍ á árinu. Þann 31. desember 2011 var 21 gildur umboðsmannasamningar á skrá hjá KSÍ og er það fækkun um 22 samninga frá árinu 2010.

### **Fundir og ráðstefnur**

Birkir Sveinsson og Klara Bjartmarz sóttu árlegan samráðsfund norrænu knattspyrnusambandana um móta- og félagaskiptamál.

### **Félagaskipti**

Umsjón með afgreiðslu félagaskipta á skrifstofu KSÍ höfðu Klara Bjartmarz og Þorvaldur Ingimundarson líkt og undanfarin ár. Fjöldi félagaskipta á árinu 2011 var 2.206 sem er fjölgun frá fyrra ári. Félagaskiptum heldur því stöðugt áfram að fjölga eins og sjá má í neðangreindri töflu.

Framkvæmdastjóri KSÍ samþykkti sex undanþágur vegna markvarða en hafnaði tveimur.

	2011	2010	2009	2008	2007	2006	2005	2004	2003	2002
<b>Fjöldi félagaskipta</b>	2.206	1.995	1.935	1.895	1.688	1.639	1.427	1.246	1.257	1.078

Nefndarmönnum, starfsmönnum nefndarinnar svo og öðru starfsfólki KSÍ vil ég þakka gott samstarf.

*Lúðvík S. Georgsson, formaður*

### Skýrsla fræðslunefndar

Í fræðslunefnd sátu starfsárið 2011-2012 Ragnhildur Skúladóttir formaður, Guðni Kjartansson, Jón Gunnlaugsson, Sigurður Sighvatsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Sigvaldi Einarsson og Örn Ólafsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Sigurður Ragnar Eyjólfsson fræðslustjóri og Dagur Sveinn Dagbjartsson. Nefndin hélt 6 bókaða fundi á starfsárinu og voru eftirfarandi mál efst á baugi á árinu.

#### **Þjálfaramenntun**

KSÍ stóð fyrir ítarlegri rannsókn á menntun knattspyrnuþjálfara á Íslandi sumarið 2010 ásamt Sigmari Karlssyni og Bjarna Ævari Árnasyni nemendum Háskóla Íslands. Helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar gefa til kynna að staðan á menntun þjálfara á Íslandi sé mjög góð. Á Íslandi sumarið 2010 voru starfandi 379 aðalþjálfarar, 179 aðstoðarþjálfarar, 26 yfirþjálfarar og 23 markmannsþjálfarar, alls 607 þjálfarar. Af starfandi aðalþjálfurum höfðu 61,21% KSÍ B gráðu eða meiri þjálfaramenntun og 23,22% höfðu lokið við KSÍ A gráðu. 11,08% aðalþjálfara voru án réttinda. Almennt voru karlar með meiri menntun en konur og þjálfarar karlaflokka með meiri menntun en þjálfarar kvennaflokka. Þó staða menntunar sé yfirleitt mjög góð var sláandi að sjá að þjálfarar yngstu flokka stúlkna hafa áberandi litla menntun miðað við þjálfara yngstu flokka drengja. Þó að leyfiskerfið (og þar með sektir og viðurlög) gildi eingöngu um þjálfun karlaflokka er rétt að minna á að KSÍ gerir sömu kröfur til aðildarfélaganna sinna hvað varðar menntun þjálfara í karla og kvennaflokkum og það er því ástæða til að minna félögin á að leggja almennt aukna áherslu á að mennta þær konur sem starfa hjá þeim við þjálfun svo og þá þjálfara sem þjálfar kvennaflokkana hjá þeim. Ítarlegri upplýsingar um stöðuna á menntun þjálfara má fá hjá fræðsludeild KSÍ.

Átta Íslendingar hafa nú lokið við UEFA Pro þjálfaragráðuna og fleiri þjálfarar eru byrjaðir að undirbúa sig fyrir þetta æðsta viðurkennda þjálfaranám innan Evrópu. Það er mikilvægt fyrir framtíð íslenskrar knattspyrnu að íslenskir þjálfarar nái sér í þessa menntun og því hefur KSÍ stutt við bakið á þessum þjálfurum bæði með fræðslustyrkjum í formi flugferða og með tæknilegri aðstoð frá fræðsludeild KSÍ. Fræðsluvefur KSÍ var áfram veigamikill þáttur í uppbyggingu fræðslustarfs KSÍ og þar er að finna mikið magn af fjölbreyttum upplýsingum sem gagnast þjálfurum í starfi.

#### **Námskeiðahald**

KSÍ hélt 16 þjálfaranámskeið á árinu, fyrir utan aðra fræðsluviðburði, og það er metár í fjölda þjálfaranámskeiða á vegum KSÍ. Fræðsluviðburðirnir voru 21 talsins og hafa heldur aldrei verið fleiri. Þátttakan var þó minni en undanfarin ár en helstu skýringarnar á því eru að bikarúrslitaráðstefnur KBÍ og KSÍ féllu niður á þessu ári, færri súpufundir voru haldnir í ár og óvenju lítil aðsókn var á KSÍ III námskeiðið. Fræðsludeildin hefur á undanförunum árum reynt að auka gæði námskeiðanna með því að fjölga kennurum og bjóða frekar upp á fleiri námskeið heldur en að hafa mjög stóra nemendahópa á þeim. Þessi ráðstöfun mun vonandi auka gæði kennslunnar og skila þannig betri þjálfurum til aðildarfélaganna. KSÍ bauð upp á sérstaklega góð endurmenntunarnámskeið með John Peacock og Dick Bate frá enska knattspyrnusambandinu sem kenndu þjálfun eftir leikstöðum og með Pat Bonner frá írsku knattspyrnusambandinu sem kenndi markmannsþjálfun á vegum FIFA. Þá bauð KSÍ upp á námskeið fyrir þjálfara í gegnum fjarnám í samvinnu við League Managers Association í Englandi og Sportspath.com. Fleiri slík námskeið eru fyrirhuguð á næsta starfsári. Fræðsludeild KSÍ mun bjóða áfram upp á þjálfaranámskeið á landsbyggðinni fáist til þess næg þátttaka.

Eins og undanfarin ár bárum við gæfu til þess að hafa mjög hæfa kennara á þjálfara-námskeiðunum okkar, en alls störfuðu 47 þjálfarar og sérfræðingar hjá okkur á þessu ári og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir góð störf:

Arnar Bill Gunnarsson, Árni Ólason, Ásmundur Haraldsson, Birkir Sveinsson, Bjarni Stefán Konráðsson, Brian McDermott, Brynjar Björn Gunnarsson, Dagur Sveinn Dagbjartsson, Dick Bate, Eamonn Dolan, Eysteinn Hauksson, Freyr Sverrisson, Friðrik Ellert Jónsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðmundur Hreiðarsson, Guðni Kjartansson, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Jarl Jónsson, Gunnar Oddsson, Hákon Sverrisson, Howard Wilkinson, Hreinn Hringsson, Ívar Ingimarsson, Janus Guðlaugsson, John Peacock, Magnús Már Jónsson, Njáll Eiðsson, Ólafur Guðbjörnsson, Ólafur Jóhannesson, Ólafur Kristjánsson, Ólafur Ólafsson, Pat Bonner, Páll Gíslason, Pétur Ólafsson, Ragnheiður Alfredsdóttir, Reynir Björn Björnsson, Sigurður Ragnar Eyjólfsson, Sigurður Þórir Þorsteinsson, Slobodan Milisic, Steve Rutter, Úlfar Hinriksson, Valgeir Skagfjörð, Willum Þór Þórsson, Þorlákur Árnason, Þorsteinn Halldórsson, Þorvaldur Árnason og Örn Ólafsson.

### Erlend samskipti

Fulltrúar KSÍ sóttu fjölmargar ráðstefnur á árinu en hér fyrir neðan eru þær helstu:

- Þorlákur Árnason og Ragnhildur Skúladóttir sóttu Norðurlandaráðstefnu í þjálfaramenntun sem fór fram í Osló, Noregi 13.-16. september.
- Dagur Sveinn Dagbjartsson starfsmaður fræðsludeildar sótti UEFA ráðstefnu um þjálfaramenntun sem fram fór í Prag, Tékklandi 20.-23. september.

### Fræðsluverkefni UEFA - UEFA study group scheme

KSÍ tók áfram þátt í stóru fræðsluverkefni á vegum UEFA á árinu sem nefnist UEFA study group scheme og voru að þessu sinni í hlutverki gesta. Verkefnið snýst um að kynna ólíkum þáttum knattspyrnunnar í öðrum knattspyrnusamböndum Evrópu.

- Ellefu kennurum á vegum KSÍ var boðið til Skotlands að kynna sér þjálfaramenntun hjá skoska knattspyrnusambandinu, 28. febrúar – 3. mars.
- Tíu þjálfurum/fulltrúum félaganna í Pepsi-deild kvenna og starfsmanni landsliðsmála kvenna hjá KSÍ var boðið til írska knattspyrnusambandsins að kynna sér uppbyggingu kvennaknattspyrnu 4. – 7. mars.
- Ellefu aðilum sem koma að kennslu á þjálfaranámskeiðum KSÍ var boðið til Tékklands að kynna sér þjálfaramenntun hjá tékkneska knattspyrnusambandinu 17. – 20. október.
- Sjö unglingsþjálfurum kvenna og 4 þjálfurum yngri landsliða karla og kvenna var boðið til Írlands að kynna sér þjálfun afreksunglinga hjá írska knattspyrnusambandinu 28. nóvember – 1. desember.

### Styrkir KSÍ til fræðslumála

KSÍ veitir í kringum 10 fræðslustyrki árlega. Rúmlega helmingi fleiri umsóknir bárust og því var ekki hægt að samþykkja þær allar. Styrkur KSÍ var í formi farseðils á áfangastað Ícelandair og til baka. Markmiðið með þessum styrkjum er að auðvelda áhugasömum aðilum í knattspyrnuhreyfingunni að sækja sér fræðslu erlendis. Styrkþegar skila svo inn skýrslu um ferð sína á fræðsluvef KSÍ. Eftirfarandi styrkir voru veittir á þessu ári:

- Heimir Guðjónsson frá FH og Gunnlaugur Jónsson frá KA hlutu styrki til að fara á ráðstefnu bandaríska þjálfarafélagsins.
- Halldór Halldórsson frá ÍR hlaut styrk til að fara í ferð með norska þjálfarafélaginu til Englands.
- Garðar Gunnar Ásgeirsson hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Reading í Englandi.
- Kjartan Orri Sigurðsson frá Val hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá Vancouver Whitecaps í Kanada.
- Þórður Þórðarson frá ÍA hlaut styrk til að kynna sér þjálfun hjá AZ Alkmaar í Hollandi.
- Heimir Hallgrímsson frá ÍBV og Ólafur Kristjánsson frá Breiðabliki fengu styrki til að sækja Pro licence námskeið í Englandi og Danmörku.

### Tækniskóli KSÍ (DVD diskur fyrir upprennandi knattspyrnustjórnur)

Stærsta fræðsluverkefni ársins hjá fræðsludeild KSÍ var án efa útgáfa og dreifing okkar á DVD disk fyrir börn og unglina sem stunda knattspyrnu og fékk nafnið Tækniskóli KSÍ. Hátt í 16.000 diskur voru gefnir öllum drengjum og stúlkum sem æfa knattspyrnu á Íslandi yngri en 16 ára að aldri. Hver iðkandi fékk diskinn afhentan beint í hendurnar frá landsliðsmanni, landsliðskonu eða landsliðspjálfa og mörg aðildarfélög gerðu mikið úr þessum viðburði svo dagurinn yrði eftirminnlegur. DVD disknum var ætlað að hvetja börn og unglina í knattspyrnu til að vera dugleg að æfa sig sjálf aukalega með boltann ásamt því að búa til góðar fyrirmyndir fyrir þau. Diskurinn var stútfullur af æfingum sem var ætlað að bæta knatttækni leikmanna ásamt hvetjandi viðtölum við leikmenn A-landsliða karla og kvenna og myndbrot úr landsleikjum. Tækniskóladiskurinn var líka afhentur öllum þjálfurum barna og unglina á Íslandi endurgjaldslaust. Upplag disksins var 20.000 eintök og var hann jafnframt gefinn út á ensku. Sigurður Ragnar Eyjólfsson og Freyr Sverrisson völdu æfingarnar á diskinn, Guðmundur Benediktsson talaði inn á hann og Hannes Þór Halldórsson var framleiðandi. Fræðsludeild KSÍ vill koma hér á framfæri þakklæti til aðildarfélaga KSÍ fyrir frábæra samvinnu í þessu skemmtilega verkefni.

### Knattspyrnuskóli KSÍ

Knattspyrnuskólar drengja og stúlkna fóru að venju fram að Laugarvatni. Hjá drengjunum fór skólinn fram dagana 6.-10. júní og hann sóttu samtals 47 drengir. Freyr Sverrisson var skólastjóri og honum til aðstoðar Guðjón V. Guðjónsson. Skóli stúlkanna fór fram dagana 14.-18. júní og sóttu hann 37 stúlkur. Daði Rafnsson og Mist Rúnarsdóttir knattspyrnuþjálfarar sáu um knattspyrnuskólann hjá stúlkunum. Þekktir þjálfarar og leikmenn komu í heimsókn í knattspyrnuskólana að vanda.

### **Þjálfaraskóli KSÍ**

Þjálfaraskóli KSÍ var settur í gang seint á árinu og fyrstu þrír þjálfararnir sem fengu leiðsögn frá reyndum þjálfurum til að aðstoða sig fyrstu skrefin í þjálfun voru þeir Garðar Jóhannsson, Garðar Gunnlaugsson og Haukur Ingi Guðnason. Þjálfaraskóli KSÍ stendur öllum þjálfurum aðildarfélaganna til boða og er hugmyndin á bak við skólann að reyndur KSÍ kennari deili reynslu sinni og þekkingu með þjálfara sem er styttra á veg kominn. Aðildarfélagin og KSÍ deila kostnaðinum við kennsluna.

### **Prozone leikgreiningarforrit**

KSÍ gerði samning við fyrirtækið Prozone á árinu um leikgreiningu á landsleikjum A-landsliðs karla, A-landsliðs kvenna og U21 landsliðs karla. Prozone er sennilega með öflugasta leikgreiningarforrit á markaðinum og þessi samningur styrkir undirbúning og samkeppnishæfni landsliða Íslands. Fræðsludeild KSÍ sér um öll samskipti við Prozone og veitir landsliðsþjálfurunum tæknilegan stuðning, ráðgjöf og kennslu á forritið. Alls voru leikgreindir um 30 landsleikir á þessu ári fyrir hönd KSÍ og hluti af leikjunum var einnig notaður fyrir yngri landslið, þjálfaramenntun og dómarafræðslu.

### **Menntun markmannsþjálfara**

KSÍ hélt markmannsþjálfaranámskeið í samvinnu við FIFA í byrjun desember. Ákveðið var að bjóða öllum helstu markmannsþjálfurum landsins á námskeiðið sem var bæði fróðlegt og skemmtilegt. Kennsla var í höndum Pat Bonner fyrrum landsliðsmarkmanns og markmannsþjálfara Íra en hann kom til Íslands á vegum FIFA. KSÍ hefur hug á að efla enn frekar menntun markmannsþjálfara á næsta starfsári og mun leggja aukna áherslu á þennan þátt í þjálfaramenntuninni á næstu árum.

### **Lokaorð**

Verkefni Knattspyrnusambandsins á sviði fræðslumála eru margvísleg og aukast enn á milli ára. Menntun íslenskra þjálfara er í heildina góð samanborið við önnur lönd, en hins vegar er umhugsunarvert hversu mikill munur er á menntun þjálfara sem sinna kvennakkknattspyrnu, sérstaklega yngstu flokkanna og er þar sóknarfæri fyrir félögin. Fræðslumálin eru í góðum höndum þeirra Sigurðar Ragnars Eyjólfssonar fræðlustjóra og Dags Sveins Dagbjartssonar sem halda utan um fræðslumálin og sinna því starfi af miklum áhuga og eljusemi. Að lokum vil ég þakka samnefndarmönnum mínum og öðrum starfsmönnum KSÍ fyrir samstarfið.

*Ragnhildur Skúladóttir, formaður*

### **Þjálfaranámskeið KSÍ árið 2011**

10-16. janúar	KSÍ VI	Englandi	28 þjálfarar
28-30. janúar	KSÍ IV *	Reykjavík	68 þjálfarar
Febrúar-maí	KSÍ VII	Um allt land	35 þjálfarar
1-3. apríl	KSÍ V	Reykjavík	38 þjálfarar
5. maí	Dick Bate **	Reykjavík	29 þjálfarar
7-9. október	KSÍ V	Reykjavík	21 þjálfari
14-16. október	KSÍ I *	Reykjavík	41 þjálfari
21-23. október	KSÍ I	Reykjavík	42 þjálfarar
21-23. október	KSÍ II	Reykjavík	19 þjálfarar
28-30. október	KSÍ II *	Reykjavík	40 þjálfarar
4-6. nóvember	Bate/Peacock **	Reykjavík	45 þjálfarar
11-13. nóvember	KSÍ I	Akureyri	10 þjálfarar
18-20. nóvember	KSÍ II	Reyðarfjörður	14 þjálfarar
25-27. nóvember	KSÍ II	Akureyri	15 þjálfarar
25-27. nóvember	KSÍ III	Reykjavík	31 þjálfari
2-4. desember	FIFA Markm.þj.	Reykjavík	28 þjálfarar

### **Súpufundir KSÍ árið 2011**


3. febrúar	„Einelti og knattspyrna“ – Valgeir Skagfjörð	34 manns
30. mars	„Karlmann og krabbamein“ – Ragnheiður Alfreðsdóttir	10 manns

\* Tvö námskeið, haldin sömu helgina


\*\* KSÍ A endurmenntunarnámskeið

**Alls 21 fræðsluviðburður og 548 þátttakendur.**

Fjöldi þjálfara sem sóttu þjálfaranámskeið KSÍ á árunum 2000-2011



Fjöldi þjálfaranámskeiða KSÍ á árunum 2000-2011





### Skýrsla útbreiðslunefndar

Í útbreiðslunefnd sátu starfsárið 2011-2012 þeir Vignir Már Þormóðsson formaður, Björn Friðbjólfsson, Tómas Þóroddsson, Jakob Skúlason og Valdemar Einarsson. Starfsmenn nefndarinnar voru Guðlaugur K. Gunnarsson og Dagur S. Dagbjartsson. Haldnir voru þrjár bókaðir fundir á árinu. Helstu útbreiðsluverkefni ársins voru framhald á gæðavottun knattspyrnskóla félaganna, ásamt smærri verkefnum.

#### Útbreiðsluáætlun - útbreiðslustefna

Unnið var samkvæmt þeirri áætlun sem samþykkt var á ársþingi KSÍ 2008. Markmiðin eru að allir fái tækifæri til að taka þátt í leik og starfi innan Knattspyrnusambands Íslands og að fjölga iðkendum í knattspyrnu, sér í lagi á svæðum þar sem þátttaka er lítil.

#### Knattspyrnskólar

Frá árinu 2008 þegar leiðbeiningar um gæðavottun fyrir knattspyrnskóla féлага voru unnar höfðu skólar Gróttu, HK, Víkingar R., Breiðabliks, Fjölnis, Vals og Þróttar R. hlotið gæðavottun. Starfsmenn KSÍ fara á hverju ári í skólana og endurnýja vottunina standist viðkomandi skóli hana. Allir knattspyrnskólar sem hingað til hafa staðist vottun hafa hlotið endurnýjun. Þrjú félag söttu um í fyrsta skipti og fékk Knattspyrnskóli ÍR vottun, en hinum tveimur var synjað að þessu sinni. Helsta ástæða synjunar er yfirleitt sú að yfirmaður eða þjálfarar knattspyrnskólans er ekki með tilskilda menntun. Alls eru því 8 knattspyrnskólar komnir með gæðavottun.

#### Grasrotarráðstefna UEFA

Dagana 11. apríl – 15. apríl fór Guðlaugur Gunnarsson á grasrotarráðstefnu UEFA sem haldin var í Noorwijk í Hollandi. Helstu málefni:

- Sjálfbodastarf í þágu féлага og menntun þjálfara. Þessi málefni voru einnig rædd á Grasrotarráðstefnu Norðurlandanna árið 2010. Þar kom fram eins og reyndar áður að þegar aðrar þjóðir ræða um sjálfbodaliðastarf er það í þjálfun yngri flokka. Þar erum við mun framar en hinar þjóðirnar með menntaða þjálfara hjá flestum ef ekki öllum félögum.
- Einnig var strandfótbolti (Beach Soccer) kynntur og skoðaðar æfingar og aðstæður hjá grasrotarfélagi í Noorwijk.

#### Viðurkenningar fyrir grasrotarviðburði

Hvöt hlaut sérstaka viðurkenningu fyrir besta grasrotarviðburð ársins 2011 – *Smábæjarleikana*, sem hafa verið haldnir um árabil en mótið er minni bæjarfélögum. Víkingur R. fékk viðurkenningu fyrir grasrotarviðburð ársins hjá fötluðum vegna knattspyrnumóts Special Olympics og einnig hélt Víkingur R. mót þar sem keppt er í svokölluðum *Unified* fótbolta, en þar keppa þroskaheftir og „heilbrigðir“ saman í liði ásamt því að vera með *Unified* knattspyrnuæfingar. ÍBV fékk viðurkenningu fyrir *Þæjumótið* sem besta grasrotarviðburð stúlkna. Í ár voru þátttakendur um 800, en fyrsta mótið var haldið árið 1991.

#### Útbreiðsluverkefni árið 2011

Grasrotardagur UEFA 2011 var 25. maí og var megin verkefni dagsins dreifing á hinum glæsilega DVD disk, *Tækniskóla KSÍ*, þar sem leikmenn landsliða ásamt þjálfurum heimsóttu félög og afhentu diskana, en allir iðkendur féлага fengu diskinn til eignar.

#### Að lokum

Það má öllum ljóst vera að unnið er gríðarlega mikið og gott grasrotarstarf í öllum félögum um allt land. Þetta mikilvæga starf er oft unnið í sjálfbodavinnu og af mikilli óeigingirni, það er ekki sjálfsagt og ber að þakka. En við þurfum líka að hlúa að þessu starfi með fræðslu, fjármagni og kynningu, við megum aldrei sofna á verðinum að kynna knattspyrnuna fyrir sem flestum. Í því sambandi vil ég nefna sérstaklega tvo viðburði sem KSÍ stóð fyrir á árinu, Norðurlandamót U17 ára drengja þar sem keppt var í sex sveitarfélögum á Norðurlandi og heimsókn þjálfara og landsliðsmanna til allra féлага í tengslum við afhendingu á DVD disknum, *Tækniskóli KSÍ*. Slíkar heimsóknir í keppni og leik, sem víðast um landið, vona ég að séu til þess fallnar að hjá einhverjum kvikni áhugi á að leggja stund á þessa frábæru íþrótt, nú eða þá að auka enn á viljann til að bæta sig. Vökvum ræturnar svo tréð vaxi – knattspyrna á að vera íþrótt fyrir alla. Samnefndarmönnum mínum og starfsmönnum útbreiðslunefndar þakka ég ánægjulegt og gott samstarf sem, einnig vil ég þakka öllum þeim sem unnu að grasrotarstarfi innan knattspyrnunnar á einn eða annan hátt fyrir þeirra mikla starf.

Vignir Már Þormóðsson, formaður

## Knattspyrnuskóli KSÍ - Drengir fæddir 1997

Félag	Nafn
Austri	Aron Gauti Magnússon
Álftanes	Björgvin Júlíus Ásgeirsson
BÍ/Bolungarvík	Pétur Bjarnason
Breiðablik	Matthías Garðarsson
Dalvík	Viktor Daði Sævarsson
FH	Leon Arnar Heitmann
Fram	Heiðar Stefánsson
Fylkir	Óðinn Arnarsson
Gnúpverjar	Gylfi Dagur Leifsson
Grindavík	Marinó Axel Helgason
Gróttta	Pétur Steinn Þorsteinsson
Grundarfjörður	Hilmar Orri Jóhannsson
Hamar	Ágúst Logi Valgeirsson
Haukar	Grétar Snær Gunnarsson
HK	Þorsteinn Óskarsson
Hrunamenn	Jóhann Halldór Pálsson
Höttur	Halldór Bjarki Guðmundsson
ÍA	Ragnar M. Lárusson
ÍBV	Benjamín Elí Óskarsson
ÍR	Júlíus Guðmundsson
KA	Bjarki Viðarsson
Keflavík	Fannar Orri Sævarsson
KF	Hákon Leó Hilmarsson
KFR	Viðar Gauti Önundarson
KR	Albert Guðmundsson
Leiknir F	Kristófer Páll Viðarsson
Leiknir R	Daði Bærings Halldórsson
Njarðvík	Teitur Ari Theodórsson
Reynir Hellissandi	Þorgeir Árnason
Reynir S	Davíð Smári Árnason
Selfoss	Freyr Sigurjónsson
Sindri	Mirza Hasecic
Skallagrímur	Kristján Bohra
Snæfell	Viktor Marinó Alexandersson
Stjarnan	Hörður Björgvinsson
Tindastóll	Jóhann Ulriksen
UMF. Biskupst.	Aron Freyr Margeirsson
Valur	Sindri Scheving
Valur Reyðarfirði	Ísak Breki Jónsson
Víðir	Knútur Guðmundsson
Víkingur Ó	Kristófer Jacobson Reyes
Víkingur R	Jón Andri Óskarsson
Völsungur	Daníel Agnar Ásgeirsson
Þór	Aron Ingi Hlynsson
Þróttur N	Steinar Berg Eiríksson
Þróttur R	Ernir Jónsson
Ægir	Arnar Logi Sveinsson

## Knattspyrnuskóli KSÍ - Stúlkur fæddar 1997

Félag	Nafn
Afturelding	Auður Sonjudóttir
Austri	Elma Valgerður Sveinbjörnsdóttir
BÍ/Bolungarvík	Elín Sveinsdóttir
Breiðablik	Sunna Baldvinsdóttir
FH	Hafdís Erla Gunnarsdóttir
Fjölnir	María Eva Eyjólfssdóttir
Fylkir	Hulda Arnarsdóttir
Grindavík	Guðný Eva Birgisdóttir
Grundarfjörður	Aldís Ásgeirsdóttir
Haukar	Þóra Kristín Jónsdóttir
HK	Unnur Elsa Reynisdóttir
Höttur	Rakel Sif Kristjánsdóttir
ÍA	Bryndís Rún Þórólfsdóttir
ÍBV	Júlíana Sveinsdóttir
ÍR	Embla Björnsdóttir
KA	Svandís Davíðsdóttir
Keflavík	Marín Rún Guðmundsdóttir
KF	Sif Þórisdóttir
KFR	Hólmsfríður María Þórarinsdóttir
KR	Sigríður María Sigurðardóttir
Leiftur	Sylvía Ósk Halldórsdóttir
Leiknir F	Rebekka Sól Aradóttir
Leiknir R	Emilía Karlsdóttir
Reynir Hellissandi	Guðlaug Íris Jóhannsdóttir
Reynir S	Sunneva Ósk Þóroddsdóttir
Selfoss	Esther Ýr Óskarsdóttir
Sindri	Guðrún Ósk Gunnarsdóttir
Skallagrímur	Arna Rún Gylfadóttir
Snæfell	Lovísa Margrét Kristjánsdóttir
Stjarnan	Hrefna Þuríður Leifsdóttir
Tindastóll	Hugrún Pálsdóttir
Valur	Nína Kolbrún Gylfadóttir
Valur Reyðarfirði	Ásgerður Hlín Þrastardóttir
Víkingur Ó	Viktoría Ellenardóttir
Völsungur	Jana Björg Róbertsdóttir
Þór	Lilly Rut Hlynsdóttir
Þróttur R	Bergrós Lilja Jónsdóttir

### Skýrsla mannvirkjanefndar

Í mannvirkjanefnd sátu eftirfarandi starfsárið 2011: Lúðvík S. Georgsson formaður, Jón Runólfsson, Kristján Ásgeirsson, Rúnar Arnarson og Þorbergur Karlsson. Starfsmaður nefndarinnar var Jóhann G. Kristinsson. Nefndin hélt alls 6 bókaða fundi á starfsárinu. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

Aðalverkefni ársins var undirbúningur útgáfu disks um viðhald grass og knattspyrnugrass (gervigrass). Upphaflega var ætlunin að gefa út sérstakan bækling um viðhald knattspyrnugrass. En eftir að nefndinni barst diskur, sem UEFA gaf út um viðhald á bæði náttúrugrasi og knattspyrnugrasi, var ákveðið að nýta þann ágæta grunn sem þessi diskur var með því að gefa hann út með íslensku tali, en hætta vinnu við bæklinginn. Þar með mátti slá tvær flugur í einu höggi varðandi fræðslu um viðhald bæði knattspyrnugrass og náttúrlegs grass. Vinnu við þetta er nú að ljúka og ætti íslenski diskurinn að sjá dagsins ljós í byrjun árs 2012.

KSÍ tók þátt í könnun FIFA á náttúrulegu grasi á keppnisvöllum með tilliti til loftslags. Í þessari könnun leitaði FIFA eftir samstarfi við um 10 lönd með mjög breytilegu loftslagi og aðstæðum. Tveir fulltrúar FIFA heimsóttu svo Ísland sumarið 2011 og gerðu úttekt á uppbyggingu og gæðum allmargra keppnisvalla í efstu deild. Vellirnir voru valdir út frá gæðum, dreifingu þeirra og fjölbreytileika í uppbyggingu. Niðurstöðurnar voru jákvæðar og komu sumir vallanna mjög vel út úr könnuninni, sem endurspegladi gæði þeirra. Þar sem mikið hafði verið lagt í undirvinnu og gras, og síðan í viðhald, þar voru niðurstöðurnar góðar, en lakari annars staðar, ekki síst þar sem viðhald hafði verið vanrækt. KSÍ hefur fengið skýrslu frá FIFA um þessa velli og er hún opin þeim sem áhuga hafa á.

Vellir með knattspyrnugrasi (gervigrasi) voru nokkuð í sviðsljósinu. Bæði var það í tengslum við svart gúmmí sem er notað í vellinga og sömuleiðis viðhald þeirra og hreinlæti á völlum. Það er ljóst að notkun svarts gúmmís er víðast hvar leyfð, en þó er sums staðar mælt með notkun annarra gúmmiefna. Mannvirkjanefnd hefur tekið saman helstu niðurstöður athugana á Norðurlöndum um þessi mál og mun koma þeim á framfæri eftir því sem efni og aðstæður eru til. Sömuleiðis var hreinlæti í knattspyrnuhúsum nokkuð til umræðu. Það er ljóst að viðhaldi knattspyrnugrass er sums staðar ábótavant, og t.a.m. þarf að djúphreinsa það a.m.k. árlega til að tryggja að hreinlæti sé í lagi, sem er trassað sums staðar. Loks hafa komið fram gallar á a.m.k. 2-3 stöðum í nýlegu knattspyrnugrasi. Þar þarf að sækja bætur til framleiðanda.

Nefndin kemur áfram að tilraunaverkefni um upphitun valla sem Landbúnaðarháskólinn kom á laggirnar á árinu 2008 og stýrir. Verkefnið er styrkt af Orkuveitu Reykjavíkur og KSÍ.

Mannvirkjanefnd tók þátt í Norræna mannvirkjaþinginu sem nú var haldið í Finnlandi í ágúst og sendi þangað þrjá þátttakendur. Þar kom fram að notkun knattspyrnugrass í efstu deildum karla og kvenna á Norðurlöndunum eykst jafnt og þétt, og er nú notað á meira en þriðjungi keppnisvalla í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi, og jafnframt er búið að heimila notkun þess í Danmörku frá 2012. Ýmislegt fleira áhugavert kom fram, og íslenska rannsóknin um upphitun valla var kynnt og vakti athygli.

Mannvirkjanefnd átti fulltrúa á sérstökum fundi FIFA í árslok um yfirborð á knattspyrnuvöllum. Í framhaldi af því mun Ísland taka þátt í skoðanakönnun sem FIFA ætlar að gera meðal leikmanna í efstu deildum um gæði yfirborðs knattspyrnuvalla, og hefur nefndinni verið falið að halda utan um það.

Að venju var farið yfir skráningu knattspyrnumannvirkja og ýtt eftir megni á að úrbætur yrðu gerðar þar sem aðstaða er ófullnægjandi. Yfirferð var farin á flesta velli á landsbyggðinni í efri deildum seinni hluta ársins til að taka út stöðuna, nú þegar verið er að gera úttektir aðgengilegar í gegnum tölvukerfi. Það hyllir í að flestir vellir uppfylli skilyrði mannvirkjareglugerðar og leyfiskerfis fyrir efstu tvær deildir karla. Nefndin var félögum og sveitarfélögum til ráðgjafar vegna framkvæmda tengdum knattspyrnumannvirkjum. Þar má nefna endurbætur á vallarhúsi og stúku við Akureyrarvöll, teikningar af nýrri stúku í Vestmannaeyjum og innréttingu og skipulag búningsklefa undir stúku á Selfossi, og fleira. Loks var nefndin stjórn KSÍ til ráðgjafar við úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ.

Undirritaður vill að endingu þakka samstarfsmönnum í mannvirkjanefnd og starfsfólki KSÍ fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Lúðvík S. Georgsson, formaður

## Heiðursviðurkenningar

Eftirtaldir fengu heiðursviðurkenningu frá KSÍ á árinu:

Viðurkenning	Nafn	Félag
Gull	Sigursteinn Gíslason	ÍA/KR
Gull	E. Börkur Edvardsson	Valur
Gull	Guðni Bergsson	Valur
Gull	Hörður Gunnarsson	Valur
Gull	Hörður Hilmarsson	Valur
Gull	Ingi Björn Albertsson	Valur
Gull	Kjartan G. Gunnarsson	Valur
Gull	Kristján Ásgeirsson	Valur
Gull	Nikulás Úlfar Mátsson (ekki afhent)	Valur
Gull	Ólafur Már Sigurðsson	Valur
Gull	Ragnheiður Víkingsdóttir	Valur
Gull	Theodór Halldórsson	Valur
Gull	Þorgrímur Þráinsson	Valur
Silfur	Ágúst Sindri Hauksson	Haukar
Silfur	Gunnar Baldursson	Haukar
Silfur	Heimir Heimisson	Haukar
Silfur	Stefanía Jensdóttir	Haukar
Silfur	Vilborg Elísdóttir	Haukar
Silfur	Þorsteinn Magnússon	Keflavík
Silfur	Anton Sigurjón Hartmannsson	Selfoss
Silfur	Sveinn Jónsson	Selfoss
Silfur	Anthony Karl Gregory	Valur
Silfur	Elísabet Gunnarsdóttir (ekki afhent)	Valur
Silfur	Guðmundur K. Sigurgeirsson	Valur
Silfur	Halldór Eypórsson	Valur
Silfur	Ingólfur Friðjónsson	Valur
Silfur	Jón Grétar Jónsson	Valur
Silfur	Jón Höskuldsson	Valur
Silfur	Ótthar Edvardsson	Valur
Silfur	Ragnheiður Á. Jónsdóttir	Valur
Silfur	Skúli Edvardsson	Valur
Silfur	Soffía Ámundadóttir	Valur
Silfur	Sævar G. Gunnleifsson	Valur
Silfur	Björn Vilhelmsson	Víðir
Silfur	Gísli Heiðarsson	Víðir